



# MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA SAMDRÁTTAR ÞORSKVEIÐIHEIMILDA ÁRIÐ 2007

MARS 2013

# EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR .....	4
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM .....	7
1 INNGANGUR .....	9
2 UPPHAF MÓTVÆGISAÐGERÐA .....	10
2.1 Niðurskurður þorskveiðiheimilda árið 2007 .....	10
2.2 Mat á áhrifum niðurskurðar á þorskkvóta.....	11
2.3 Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hinn 6. júlí 2007 .....	12
2.4 Fréttatilkynning fjármálaráðuneytis 12. september 2007 .....	13
2.5 Nefndir á vegum forsætisráðuneytis.....	14
3 FRAMLÖG TIL MÓTVÆGISAÐGERÐA .....	15
3.1 Samantekt .....	15
3.2 Fjármála- og efnahagsráðuneyti.....	17
3.2.1 Fjármálaráðuneyti og Fasteignir ríkissjóðs vegna endurbóta og viðhalds.....	17
3.3 Velferðarráðuneyti .....	19
3.3.1 Félagsmálaráðuneyti vegna sveitarfélaga.....	19
3.3.2 Félagsmálaráðuneyti vegna Fjölmeningarseturs á Ísafirði .....	20
3.3.3 Vinnumálastofnun til að efla vinnumarkaðsúrræði .....	21
3.3.4 Atvinnuleysistryggingasjóður vegna atvinnumála kvenna .....	21
3.3.5 Atvinnuleysistryggingasjóður vegna fiskvinnslufyrirtækja.....	22
3.3.6 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði vegna hjúkrunarþátta .....	22
3.3.7 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ vegna kvöld- og helgarþjónustu..	22
3.4 Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	23
3.4.1 Menntamálaráðuneyti vegna símenntunar og fjarkennslu .....	23
3.4.2 Menntamálaráðuneyti vegna framhaldsskóla við Eyjafjörð.....	24
3.4.3 Menntamálaráðuneyti vegna frumgreinanáms.....	24
3.4.4 Menntamálaráðuneyti vegna Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	25
3.4.5 Menntamálaráðuneyti vegna fræðsluseturs á Ströndum.....	25
3.4.6 Háskóli Íslands vegna rannsóknasetra.....	25
3.4.7 Þekkingarsetur í Vestmannaeyjum til að efla sjávarrannsóknir .....	26
3.4.8 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vegna námsframboðs .....	26
3.4.9 Fjölbautaskóli Norðurlands vestra vegna námsframboðs.....	27
3.4.10 Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu vegna fjarnáms .....	27
3.4.11 Þjóðskjalasafn Íslands vegna grunnskráningar og endurskráningar ..	27
3.4.12 Fornleifavernd ríkisins vegna ráðningar minjavarðar.....	28
3.4.13 Háskólasetur Vestfjarða vegna uppbyggingar setursins.....	28
3.5 Innanríkisráðuneyti.....	28
3.5.1 Samgönguráðuneyti.....	28
3.5.2 Vegagerðin.....	29
3.5.3 Dómsmálaráðuneyti vegna sýslumannsembætta.....	30

3.5.4	<i>Sýslumaðurinn á Ísafirði vegna skönnunarmiðstöðvar</i> .....	30
3.5.5	<i>Fjarskiptasjóður vegna háhraðnetsútboðs</i> .....	30
3.6	<b>Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</b> .....	31
3.6.1	<i>Iðnaðarráðuneyti vegna ferðaþjónustu</i> .....	32
3.6.2	<i>Iðnaðarráðuneyti vegna jarðhitaleitar</i> .....	32
3.6.3	<i>Sjávarútvegsráðuneyti vegna matvælarannsóknna á Hornafirði</i> .....	33
3.6.4	<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vegna líftækni- og fiskeldisaðstöðu á Sauðárkróki</i> .....	33
3.6.5	<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vegna sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð</i> .....	34
3.6.6	<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vegna BioPol ehf. á Skagaströnd</i> .....	34
3.6.7	<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vegna Rannsóknna- og Nýsköpunarsjóðs Vestur-Barðastrandasýslu</i> .....	34
3.6.8	<i>Sjávarútvegsráðuneyti til eflingar matvælarannsóknna á Vestfjörðum</i> .....	34
3.6.9	<i>Nýsköpunarmiðstöð Íslands</i> .....	35
3.6.10	<i>Byggðastofnun</i> .....	35
3.6.11	<i>Byggðaáætlun vegna eflingar atvinnulífs á Norðurlandi vestra</i> .....	37
3.6.12	<i>Byggðaáætlun vegna eflingar atvinnulífs á Norðausturlandi</i> .....	37
3.6.13	<i>Hafrannsóknastofnun</i> .....	38
3.7	<b>Umhverfis- og auðlindaráðuneyti</b> .....	38
3.7.1	<i>Umhverfisstofnun vegna gestastofu í Þjóðgarðinum á Snæfellsnesi</i> .	39
3.7.2	<i>Umhverfisstofnun vegna gestastofu á Ísafirði</i> .....	39
3.7.3	<i>Umhverfisstofnun vegna gestastofu á Látrabjargi</i> .....	39
3.7.4	<i>Náttúrufræðistofnun Íslands vegna þriggja verkefna</i> .....	40
3.7.5	<i>Veðurstofa Íslands vegna þriggja verkefna</i> .....	40
3.7.6	<i>Náttúrustofa Vestfjarða vegna Þróunarseturs á Patreksfirði</i> .....	41
3.8	<b>Orkubú Vestfjarða ohf.</b> .....	41

# NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

LÆKKA YRÐI  
AFLAHEIMILDIR Í  
ÞORSKI Í 130  
ÞÚSUND TONN

Í júní 2007 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrsluna *Nytjastofnar sjávar 2006/2007–Aflahorfur fiskveiðiárið 2007/2008*. Þar kom m.a. fram að ef ekki yrði breytt um stefnu við nýtingu þorskstofsins væri hvorki að vænta stækkunar hrygningarstofns né aukinnar nýliðunar sem væri forsenda fyrir meiri aflaheimildum á komandi árum. Grundvallaratriði væri því að breyta aflareglu á þann veg að aflamark yrði á næstu árum 20% af viðmiðunarstofni í stað 25% áður. Þá lagði stofnunin til að þorskafli fiskveiðiársins 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 yrði 130 þúsund tonn.

63 ÞÚSUND TONNA  
SAMDRÁTTUR

Í júlí 2007 tilkynnti sjávarútvegsráðherra að farið yrði að tillögum stofnunarinnar og þorskafli fiskveiðiársins 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 skorinn niður um 63 þúsund tonn, úr 193 þúsund tonnum í 130 þúsund tonn en það jafngilti um 33% lækkun frá fyrra ári. Nokkur aðdragandi var að þessari ákvörðun sjávarútvegsráðherra. Um sumarið 2006 fór hann þess á leit við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að hún skoðaði hvaða áhrif aflareglur með mismunandi veiðihlutfalli hefðu á þjóðarhag. Í skýrslu stofnunarinnar *Þjóðhagsleg áhrif aflareglu* sem gefin var út í júní 2007 kom fram að 65 þúsund tonna samdráttur þorskveiðiheimilda myndi hafa þau áhrif að afla-verðmæti lækkaði frá árinu 2006 um 9,2 ma.kr., útflutningsverðmæti um 16 ma.kr. og landsframléiðsla drægist saman um 0,8% milli ára að óbreyttu meðalverði þorskafurða.

Í annarri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands *Áhrif aflasamdráttar í þorski á fjárhag sveitarfélaga*, sem kom út í nóvember 2007, var lagt mat á áætlaðan tekjusamdrátt sveitarfélaga vegna framangreindrar skerðingar á þorskaflaheimildum. Áætlað var að tekjur þeirra myndu dragast saman um 450 m.kr. miðað við tekjur ársins 2006 og að útsvarsprósenta yrði 13% að meðaltali.

AÐGERÐIR TIL AÐ  
STYRKJA SJÁVAR-  
BYGGÐIR VEGNA  
SAMDRÁTTAR

Hinn 6. júlí 2007 birti ríkisstjórnin yfirlýsingu um aðgerðir til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum sem áttu í erfiðleikum vegna samdráttar aflaheimilda. Í henni kom m.a. fram að fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra hefðu umsjón með að útfæra tillögurnar í samráði við aðra ráðherra. Fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) birti síðan hinn 12. september 2007 fréttatilkynningu nr. 17/2007 um nánari útfærslu þessara aðgerða. Á næstu þremur árum átti að styrkja atvinnulíf í landinu, auka menntun og bæta úrræði þeirra einstaklinga sem yrðu fyrir atvinnumissi. Þá átti að koma til móts við fyrirtæki í sjávarútvegi og styðja sveitarfélög vegna tekjusamdráttar þeirra í kjölfar niðurskurðar aflaheimilda. Einnig var áformað að flýta framkvæmdum í samgönguáætlun og vinna að þeim á árunum 2008–2010. Þá kom fram í fréttatilkynningunni að flýtt yrði framkvæmdum við uppbyggingu fjarskiptakerfis á landinu. Ennfremur var gert ráð fyrir að skuldir Byggyðastofnunar yrðu lækkaðar og að Orkubú

Vestfjarða ohf. legði sjálft fram fjármuni til að tengja raforkukerfi Ísafjarðardjúps við raforkukerfi annarra landshluta.

Samtals var 13,7 ma.kr. ráðstafað í mótvægisáðgerðirnar á tímabilinu 2007–2010. Er þá eingöngu litið til fjárveitinga í fjárlögum og fjárukalögum sem eyrnamerkta voru aðgerðunum og tillögum Vestfjarðanefndar, framlaga vegna flýtingar vegnaframkvæmda og Byggðastofnunar sem og eigin framlags Orkubús Vestfjarða ohf. Áætlun stjórnvalda hljóðaði hins vegar upp á samtals 13,2 ma.kr. Þá skal tekið fram að hækkunar þorskafulda á erlendum mörkuðum á þessum tíma drógu úr afleiðingum niðurskurðar þorskaflaheimilda.

Þó að tæplega 1,3 ma.kr. hafi verið varið í fjárlögum og fjárukalögum 2007 til mótvægisáðgerðanna þá hófust framkvæmdir vegna þeirra í mörgum tilvikum ekki fyrr en á árinu 2008. Ástæða þess var að það dróst að ákveða í hvaða verkefni eða framkvæmdir ætti að ráðast. Þetta hafði m.a. í för með sér að framkvæmdir við sum verkefni stóðu fram á árið 2010 og jafnvel lengur. Fjárframlög sem áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar urðu jafnvel til lengri tíma en þriggja ára. Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að fjárveitingar til umræddra verkefna og framkvæmda hafa að mestu verið nýttar til fulls eins og að var stefnt.

Stjórnvöld settu ekki fram markmið um árangur né skilgreindu árangursmælikvarða vegna mótvægisáðgerðanna. Árangur var því ekki metinn með heildstæðum hætti. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið fullnægjandi svör við því hvers vegna það var ekki gert að öðru leyti en því að stjórnvöld hafi haft svo mörg verkefni á sínum snærum eftir efnahagshrunið 2008 að gerð lokaskýrslu hafi setið á hakanum. Yfirleitt var árangur af hverri aðgerð heldur ekki metinn með formlegum hætti. Þó eru dæmi um að árangur einstakra verkefna hafi verið metinn. Ríkisendurskoðun gagnrýnir að stjórnvöld hafi ekki sett fram skýr markmið fyrir hverja mótvægisáðgerð fyrir sig og metið árangur þeirra með markvissum hætti. Jafnframt hefðu þau átt að leggja heildstætt mat á árangur af þeim 13,7 ma.kr sem varið var til aðgerðanna. Þegar litið er til svara ráðuneyta og stofnana þeirra við úttektarspurningum Ríkisendurskoðunar verður þó ekki annað séð en að aðgerðirnar hafi að mestu gengið eftir í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar. Hins vegar kom í ljós að dæmi voru um að ráðuneyti hefðu ekki gætt þess að upplýsa stofnanir sínar um að tiltekna fjárveitingar tengdust eða væru vegna mótvægisáðgerðanna.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að þegar stjórnvöld áætla að ráðstafa verulegum fjármunum til verkefna á borð við mótvægisáðgerðir vegna samdráttar þorskaflaheimilda þá sé slík áætlun staðfest af Alþingi í formi þingsályktunar.

## ÁBENDING TIL FORSÆTISRÁÐUNEYTIS

### 1. TRYGGJA VERÐUR EFTIRFYLGNI VERKEFNA OG GERÐ LOKASKÝRSLU

Ríkisendurskoðun beinir því til forsætisráðuneytis að þegar stjórnvöld ýta úr vör kostnaðarsömum og viðamiklum aðgerðum verður að halda vel utan um þær frá upphafi til enda. Setja verður skýr markmið fyrir hverja aðgerð, ákveða hvernig árangur skuli metinn og skilgreina hver ber ábyrgð á þeim og verkefninu í heild. Gera

**13,7 MA.KR. RÁÐSTAFAD Í MÓTVÆGIS-  
AÐGERÐIR**

**FLESTAR FJÁR-  
VEITINGAR VORU  
FULLNÝTTAR**

**HEILDARÁRANGUR  
AÐGERÐANNA EKKI  
METINN**

verður m.a. framvinduskýrslur, þar sem árangur er metinn og fylgst með að fjármunum sé varið eins og til stóð. Þá er jafnframt nauðsynlegt að ganga frá lokaskýrslu þegar framkvæmdum lýkur þar sem lagt er heildstætt mat á verkefnið og hvaða árangri það skilaði. Ástæða er einnig til að nefna að þegar stjórnvöld ráðast í sértækar aðgerðir þá þarf öllum að vera ljóst hvaða fjárveitingar í fjárlögum og fjárákálögum tengjast þeim til að auka líkur á að markmið þeirra nái fram að ganga.

## ÁBENDING TIL FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIS

### 1. TRYGGJA VERÐUR EFTIRFYLGNI VERKEFNA OG GERÐ LOKASKÝRSLU

Ríkisendurskoðun beinir því til fjármála- og efnahagsráðuneytis að þegar stjórnvöld ýta úr vör kostnaðarsömum og viðamiklum aðgerðum verður að halda vel utan um þær frá upphafi til enda. Setja verður skýr markmið fyrir hverja aðgerð, ákveða hvernig árangur skuli metinn og skilgreina hver ber ábyrgð á þeim og verkefninu í heild. Gera verður m.a. framvinduskýrslur, þar sem árangur er metinn og fylgst með að fjármunum sé varið eins og til stóð. Þá er jafnframt nauðsynlegt að ganga frá lokaskýrslu þegar framkvæmdum lýkur þar sem lagt er heildstætt mat á verkefnið og hvaða árangri það skilaði. Ástæða er einnig til að nefna að þegar stjórnvöld ráðast í sértækar aðgerðir þá þarf öllum að vera ljóst hvaða fjárveitingar í fjárlögum og fjárákálögum tengjast þeim til að auka líkur á að markmið þeirra nái fram að ganga.

# VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

## VIÐBRÖGÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTIS

### TRYGGJA VERÐUR EFTIRFYLGNI VERKEFNA OG GERÐ LOKASKÝRSLU

„Forsætisráðuneytið tekur undir þá ábendingu Ríkisendurskoðunar að þegar stjórnvöld ýti úr vör kostnaðarsömum og viðamiklum aðgerðum sem varða málefnasvið fleiri en eins ráðuneytis sé mikilvægt að einum aðila sé falið að hafa heildaryfirsýn yfir verkefnið. Ráðuneytið tekur einnig undir með Ríkisendurskoðun um að setja beri skýr markmið fyrir hverja aðgerð, ákveða hvernig árangur skuli metinn og að skilgreint sé hver sé ábyrgur fyrir aðgerðinni. Forsætisráðuneytið telur rétt að ábyrgð og árangursmat sé almennt á hendi þeirra ráðuneyta og/eða stofnana sem falin er framkvæmd tiltekinn verkefna hverju sinni, enda þótt heildaryfirsýn yfir kostnaðarsöm og viðamikil verkefni sé á einum stað. Slík yfirsýn getur eðli málsins samkvæmt verið hjá forsætisráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu eða eftir atvikum öðrum ráðuneytum samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar eða ábyrgðarskiptingu á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta Stjórnarráðs Íslands.

Mikilvægt er jafnframt að þróa, samræma og styrkja vinnubrögð almennt innan Stjórnarráðsins og hefur forsætisráðuneytið undanfarin ár unnið að því að efla verk-efnastjórnun í Stjórnarráðinu til þess m.a. að tryggja sem besta eftirfylgni með verk-efnum líkt og Ríkisendurskoðun bendir á í skýrslu sinni og að unnið sé með samræmdum hætti á grundvelli viðurkenndra vinnubragða verkefnastjórnunar. Á næstu vikum verður gefin út sérstök handbók um verkefnastjórnun fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins sem unnin hefur verið í samvinnu allra ráðuneyta og kynnt á fjölsóttum námskeiðum innan Stjórnarráðsins. Þá liggja einnig fyrir lokadrög að handbók um stefnumótun og áætlanagerð en forsætisráðuneytið hefur undanfarið haft forystu um vinnu við sam- hæfingu stefna og áætlana á vettvangi ríkisins. Markmiðið er að bæta yfirsýn og vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnu- mótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi. Starfshópur undir forystu forsætisráðuneytisins, skipaður fulltrúum allra ráðuneyta, vann á grundvelli framangreinds heildstæðar til- lögur að breyttu skipulagi og aðferðafræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórn-sýslunnar. Þá er verið að innleiða þau vinnubrögð að drög að öllum stefnum og áætlunum sem unnin eru á vettvangi ráðuneyta og stofnana komi til greiningar í for- sætisráðuneytinu út frá framangreindri aðferðafræði.

Forsætisráðuneytið telur að með framangreindu megi tryggja betur en verið hefur yfirsýn, markmiðasetningu, ábyrgð, eftirfylgni og árangursmat viðamikilla verkefna og aðgerða.“

## VIÐBRÖGÐ FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIS

### TRYGGJA VERÐUR EFTIRFYLGNI VERKEFNA OG GERÐ LOKASKÝRSLU

„Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerir ekki athugasemdir við ábendingar Ríkisendurskoðunar og tekur undir álit stofnunarinnar um mikilvægi skýrrar ábyrgðar, markmiða og árangursmats þegar um er að ræða viðamiklar og kostnaðarsamar aðgerðir. Alla jafna bera hlutaðeigandi fagráðuneyti ábyrgð á tilteknum verkefnum, þ.m.t. áætlanagerð, framkvæmd og eftirliti. Mótvægisáðgerðir á faglegu ábyrgðarsviði fjármála- og efnahagsráðuneytisins lutu að endurbótum og viðhaldi fasteigna í eigu ríkisins og námu alls 930 m.kr. yfir þriggja ára tímabil. Ráðuneytið gerði áætlun um ráðstöfun fjár til einstakra fasteigna og mannvirkja og fól Fasteignum ríkissjóðs framkvæmd og eftirfylgni. Framlöggin voru í öllum aðalatriðum nýtt í samræmi við áætlun ráðuneytisins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun taka ábendingum Ríkisendurskoðunar um formlegar árangursúttektir til greina í tengslum við framkvæmdir viðamikilla verkefna í framtíðinni.“



# 1 INNGANGUR

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um stofnunina. Þar er megininntaki stjórn-sýsluúttekta lýst, þ.e. „að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi“. Sömu leiðis kemur þar fram að stofnunin skuli gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli þeirra á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis og benda á leiðir til úrbóta.

Í október 2012 ákvað Ríkisendurskoðun að gera forkönnun á því hvort og þá hvenær mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar þorskveiðiheimilda á árinu 2007 hafi komið til framkvæmda, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. júlí 2007 og fréttatilkynningu fjármálaráðuneytis frá 12. september 2007. Að forkönnun lokinni var ákveðið að ráðast í aðalúttekt samkvæmt nánari afmörkun og birta niðurstöður hennar í opinberri skýrslu til Alþingis.

Leitast var við að svara eftirfarandi meginspurningum:

- Hvenær hófust mótvægisáðgerðirnar?
- Voru framlögin fullnýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru?
- Hefur árangur af framlögunum verið metinn?

Í þessari skýrslu er fjallað um fjárveitingar sem veitt var til mótvægisáðgerðanna eftir ráðuneytum en þeim hefur síðan verið fækkað, nöfnum þeirra breytt og málaflokkar fluttir milli þeirra. Við upphaf tímabilsins voru ráðuneytin samtals 12 en eru nú átta. Tvö þeirra, forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti, fengu engar fjárveitingar vegna mótvægisáðgerðanna.

Úttektin byggði á gögnum frá hlutaðeigandi ráðuneytum og stofnunum. Ríkisendurskoðun sendi þeim bréf þar sem fram komu fjárhæðir sem fjárlög og fjárukalög á tímabilinu 2007–2009 gerðu ráð fyrir vegna mótvægisáðgerðanna. Í bréfinu var jafnframt óskað eftir svörum við framangreindum meginspurningum. Þá voru haldnir fundir með sjávarútvegsráðherra og aðstoðarmanni fjármálaráðherra sem voru við störf á árinu 2007 þegar ákvarðanir voru teknar um mótvægisáðgerðirnar, auk þess sem rætt var við fjölmarga aðila sem tengdust málinu. Ríkisendurskoðun þakkar þeim sem veitt hafa upplýsingar og aðstoð við úttektina.

Ráðuneytin, öll nema utanríkisráðuneyti, fengu drög að skýrslunni til umsagnar. Auk þess var sérstaklega óskað eftir viðbrögðum forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis við þeirri ábendingu sem til þeirra er beint. Þá var hlutaðeigandi stofnunum send til umsagnar sú umfjöllun sem tengist þeim sérstaklega.

**FJÁRVEITINGUM TIL  
MÓTVÆGISÁÐGERÐA  
SKIPT EFTIR RÁÐU-  
NEYTUM**

## 2 UPPHAF MÓTVÆGISAÐGERÐA

### 2.1 NIÐURSKURÐUR ÞORSKVEIÐIHEIMILDA ÁRIÐ 2007

Hinn 2. júní 2007 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrsluna *Nytjastofnar sjávar 2006/2007–Aflahorfur fiskveiðiárið 2007/2008* en stofnunin gefur út skýrslur um þetta efni á hverju ári. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram í formála:

Ljóst er því að án stefnubreytingar við nýtingu þorskstofnsins er hvorki að vænta stækkunar hrygningarstofns né aukinnar nýliðunar sem er forsenda aukinna aflaheimilda á komandi árum. Grundvallaratriði er því að veiðihlutfall verði nú þegar lækkað og að aflareglu verði breytt með þeim hætti að aflamark á komandi árum miðist við 20% af viðmiðunarstofni eins og lagt er til í þessari skýrslu í stað 25%, en það er í samræmi við tillögur nefndar sjávarútvegsráðherra frá því í apríl 2004.

Þá kom einnig fram í skýrslunni að Hafrannsóknastofnun hefði á undanförunum árum lagt til að aflareglu yrði breytt og veiðihlutfall lækkað en þeirri ráðgjöf hefði ekki verið fylgt. Í skýrslunni lagði stofnunin til að þorskafla fiskveiðiársins 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 yrði takmarkaður við 130 þúsund tonn.

Í fréttatilkynningu frá sjávarútvegsráðuneyti hinn 6. júlí 2007 kynnti þáverandi sjávarútvegsráðherra að í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar yrði þorskafla fiskveiðiársins 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 skorinn niður um 63 þúsund tonn, þ.e. úr 193 þúsund tonnum í 130 þúsund tonn (tæplega 33% lækkun). Einnig kom fram í tilkynningunni að miða ætti leyfilegan þorskvóta við 20% afla úr viðmiðunarstofni í stað 25% áður. Leyfilegur heildarafla þorsks á fiskveiðiárinu 2008–2009 færi þó ekki undir 130 þúsund tonn. Á þessum tíma lá fyrir að niðurskurðurinn hefði veruleg áhrif á þau byggðarlög sem byggðu afkomu sína á sjávarútvegi. Í framhaldi af tillögu Hafrannsóknastofnunar könnuðu ríkisstjórn og ráðuneyti til hvaða aðgerða þyrfti að grípa svo skerðingin hefði sem minnst áhrif á þau sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga sem fyrir séð var að hún myndi bitna harðast á.

Sama dag og sjávarútvegsráðherra samþykkti tillögu Hafrannsóknastofnunar eða hinn 6. júlí 2007 sendi ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu um aðgerðir til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum sem áttu í erfiðleikum vegna samdráttar aflaheimilda. Ekki kom fram í yfirlýsingunni hversu hárrí fjárhæð yrði varið í þessar aðgerðir. Sumarið 2007 var óskað eftir tillögum frá ráðuneytum og stofnunum. Nefna má nokkur dæmi um slíkar tillögur eða útfærslur. Vinnuálastofnun var til að mynda falið að leggja mat á hvernig hún gæti hjálpað til við að draga úr áhrifum niðurskurðar þorskveiðiheimilda á komandi fiskveiðiári á vinnumarkaðinn. Stofnunin tók saman yfirlit um þau úrræði sem hún gæti notað til að sporna við atvinnuleysi. Í félagsmálaráðuneyti var skoðuð fjár-

**ÞORSKAFLI  
TAKMARKAÐUR VIÐ  
130 ÞÚSUND TONN**

**AFLAHEIMILD Í  
ÞORSKI SKORIN  
NIÐUR UM 63  
ÞÚSUND TONN**

**RÁÐHERRA SAM-  
ÞYKTI TILLÖGU UM  
NIÐURSKURÐ 6. JÚLÍ  
2007**

hagsstaða sveitarfélaga og hvernig niðurskurðurinn hefði áhrif á þau. Í samgönguráðuneyti var kannað hvort flýta mætti vegaf framkvæmdum og breyta áherslum í ferðamálum. Allt var þetta í þeim tilgangi að skapa ný störf með því að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir og verkefni.

Í fjármálaráðuneyti voru endurbætur og viðhaldsverkefni húsnæðis í eigu ríkissjóðs til athugunar. Í menntamálaráðuneyti voru ráðstafanir sem lutu að eflingu mennta- og menningarmála könnuð. Þá var lögð aukin áhersla á endurmenntun og starfsþjálfun og athugað hvort flytja mætti stofnanir eða opinber störf frá höfuðborgarsvæðinu. Í samráði við iðnaðarráðuneyti kannaði Byggingastofnun áhrif skerðingar þorskafla á atvinnustig sjómanna og starfsfólks í landvinnslu. Í sjávarútvegsráðuneyti var horft til sjávarransóknna og hjá Hafrannsóknastofnun var athugað hvort nota ætti hluta af togurum landsmanna (togararall) til að kanna ástand fiskistofna. Þá voru skoðaðar tillögur svonefndrar Vestfjarðanefndar sem birtust í skýrslu sem kom út í apríl 2007.

## 2.2 MAT Á ÁHRIFUM NIÐURSKURÐAR Á ÞORSKKVÓTA

Sumarið 2006 fól þáverandi sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gera m.a. úttekt á svokallaðri aflareglu sem notuð hafði verið við ákvörðun heildarafla þorsks árin á undan. Einnig skyldi stofnunin meta þjóðhagsleg áhrif af mismunandi skerðingarhlutfalli þorskveiðiheimilda. Í júní 2007 gaf stofnunin út skýrslu sem nefnist *Þjóðhagsleg áhrif aflareglu*. Fram kom að ítarlegir útreikningar leiddu í ljós að hagkvæmt væri til lengri tíma litið, og brýnt ef takast ætti að stækka hrygningastofninn, að draga sem mest úr þorskafla. Lögð var áhersla á að þessi niðurstaða væri afdráttarlaus. Að mati Hagfræðistofnunar voru þjóðhagsleg áhrif þess að þorskafla skertist um 65 þúsund tonn, þ.e. færi úr 195 þúsund tonnum í 130 þúsund tonn, þau að aflaverðmæti þorsks myndi lækka miðað við árið 2006 um 9,2 ma.kr., útflutningsverðmæti þorsks myndi lækka um 16 ma.kr. og landsframleiðsla dragast saman um 0,8%. Matið miðaðist við óbreytt meðalverð þorskafurða, óbreytt verðmæti annarra sjávarafurða og óbreytt gengi helstu gjaldmiðla. Þáverandi sjávarútvegsráðherra hafði skýrslu Hagfræðistofnunar til hliðsjónar þegar hann samþykkti hinn 6. júlí 2007 tillögu Hafrannsóknastofnunar um niðurskurð þorskveiðiheimilda. Tekjusamdráttur varð hins vegar minni en gert var ráð fyrir í skýrslu Hagfræðistofnunar þar sem verð á þorski hækkaði mikið frá því að hún var birt.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tók einnig saman skýrslu að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaðan tekjusamdrátt sveitarfélaga vegna skerðingar á þorskaflaheimildum miðað við tekjur ársins 2006 og 13% útsvarsprósentu að meðaltali. Skýrslan sem nefnist *Áhrif aflasamdráttar í þorski á fjárhag sveitarfélaga* kom út í nóvember 2007 og var niðurstaða hennar að tekjur sveitarfélaga myndu dragast saman um 450 m.kr. að öðru óbreyttu. Hagfræðistofnun byggði á þeim forsendum sem fyrir lágu á þeim tíma sem skýrslan var gerð. Í henni kom fram að gera mætti ráð fyrir að niðurskurðurinn hefði áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja, bæði í veiðum og vinnslu, og hefði í för með sér flutning á aflaheimildum milli sveitarfélaga. Slíkar breytingar hefðu áhrif á þær spár sem settar væru fram í skýrslunni. Þá sagði:

**ÁÆTLAÐ AÐ ÚT-  
FLUTNINGSVERÐMÆTI  
ÞORSKS MYNDI  
LÆKKA UM 16  
MA.KR.**

**ÁÆTLAÐ AÐ TEKJUR  
SVEITARFÉLAGA  
MYNDU LÆKKA UM  
450 M.KR.**

Flest bendir til að niðurskurður á þorskkvóta hafi mest áhrif á efnahagsleg umsvif á Vestfjörðum og Vesturlandi. Samkvæmt útreikningum okkar má gera ráð fyrir að heildarframleiðsla atvinnulífs í þessum landshlutum dragist saman um 3–4% fyrsta árið eftir að tilkynnt var um niðurskurð þorskkvóta. Á Norðurlandi og á Suðurnesjum gætu heildarumsvif minnkað um 2–3% fyrsta árið en annars staðar á landinu má ætla að áfallið verði minna. Gera má ráð fyrir að aflaskerðingin stuðli að samdrætti í framleiðslu á landsbyggðinni í eitt til tvö ár til viðbótar ef þorskkvótinn helst óbreyttur að magni en eftir það taki umsvif að aukast aftur.

### 2.3 YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNARINNAR HINN 6. JÚLÍ 2007

Eins og fram kemur í kafla 2.1 birti ríkisstjórnin hinn 6. júlí 2007 yfirlýsingu um mótvægisáðgerðirnar. Þar kom m.a. fram að vandi byggðarlaga sem treystu á sjávarútveg væri ekki aðeins vegna samdráttar þorskveiða heldur hefði hagræðing og samþjöppun í sjávarútvegi leitt til aukinnar framleiðni og fækkunar starfsfólks. Þá hefði annað atvinnulíf í landinu tekið stórfelldum breytingum og á skömmum tíma vaxið upp nýjar og öflugar atvinnugreinar, s.s. fjármálaþjónusta og hátæknigreinar á fjölmörgum sviðum, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Mikil vöxtur þessara nýju greina hefði skapað mikla eftirspurn eftir vinnuafli, sérstaklega vel menntuðum sérfræðingum. Ríkisstjórnin taldi því mikilvægt að gripið yrði til sérstakra áðgerða til að styrkja atvinnulíf á þeim svæðum sem verst hefðu orðið fyrir barðinu á þessum breytingum og þar sem horfur væru hvað dekkstar. Áðgerðir ríkisstjórnarinnar voru í megindráttum þrjúþættar:

- Áðgerðir sem einkum beindust að því að draga úr fyrstu áhrifum þeirrar tekju-skerðingar sem yrði í kjölfar samdráttar í þorskkvóta, jafnt hjá einstökum sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Dæmi um skammtímaáðgerðir voru tímabundin aukaframlög ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, áðgerðir til að styrkja Byggðastofnun og niðurfelling veiðigjalds vegna þorskveiða næstu tvö fiskveiðiár. Með lögum nr. 151/2007 var veiðigjaldið fellt niður frá 1. september 2007 til 31. ágúst 2009.
- Áðgerðir til lengri tíma sem miðuðu að því að byggja upp samfélög við sjávar-síðuna og stuðla að fjölbreyttara og öflugra atvinnulífi, s.s. úrbætur í sam-göngumálum, jafnt vega- sem fjarskiptamálum, og átak í viðhaldi opinberra bygginga. Áðgerðir sem efldu menntun og menningu, m.a. með aukinni áherslu á endurmenntun og starfsþjálfun og áðgerðir sem efldu nýsköpun, auk flutnings opinberra starfa frá höfuðborgarsvæðinu. Dæmi um áðgerðir til lengri tíma voru efling grunnstoða atvinnulífs á Vestfjörðum í samræmi við til-lögur Vestfjarðanefndar. Ráðast átti t.d. í sérstök átaksverkefni til að treysta atvinnuuppbyggingu, ekki síst m.t.t. atvinnumála kvenna.
- Tillögur um eflingu hafrannsóknna og endurskoðun á ýmsum þáttum sem lutu að stjórn fiskveiða.

Tillögurnar fólu ekki allar í sér ákvörðun um nýtt fjármagn heldur einnig tilfærslu á fjármunum milli ára. Þannig væri t.d. unnt að flýta tilteknum vegaframkvæmdum vegna svigrúms sem skapaðist með seinkun annarra framkvæmda. Þá kom fram að

VANDINN EKKI  
EINGÖNGU VEGNA  
SAMDRÁTTAR  
ÞORSKAFLAHEIMILDA

AÐGERÐIR  
RÍKISSTJÓRNAR VORU  
ÞRÍÞÆTTAR

gert yrði sérstakt átak í viðhaldi opinberra bygginga með því að flýta óhjákvæmilegum viðhaldsverkefnum.

Í yfirlýsingunni var lögð áhersla á að aðgerðirnar samrýmdust því meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar að treysta stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs með því að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, jafnan og öflugan hagvöxt og trausta stöðu ríkissjóðs. Hafa átti þessi markmið að leiðarljósi í þeirri vinnu sem framundan var við frekari útfærslu á tillögnum og undirbúning fjárlaga fyrir árið 2008. Þá sagði að fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra myndu í samráði við aðra ráðherra hafa umsjón með útfærslu tillagnanna og meta þörf fyrir aðstoð í einstökum byggðarlögum, m.a. vegna fækkunar starfa, fyrirsjáanlegs atvinnuleysis og tekjusamdráttar.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kom fram að skipa ætti nefnd til að fara yfir fyrirkomulag svokallaðs togararalls. Í nóvember 2007 var skipaður sérstakur faghópur til að gera tillögur að úrbótum og framtíðarskipulagi rallanna. Hann skilaði lokaskýrslu til þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í október 2009. Einnig átti að efla hafrannsóknir sem var síðan gert með eflingu útibús Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði. Þá kom fram að endurskoða ætti lög um stjórn fiskveiða. Setja átti á laggirnar hóp sérfræðinga sem hefði það hlutverk að leggja mat á veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Í júlí 2009 skipaði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ráðgefandi hóp til að fjalla um veiðiráðgjöf og nýtingu sjávarauðlinda og ástand í lífríki sjávar. Í nóvember 2010 setti sami ráðherra síðan á fót samráðsvettvang um nýtingu helstu nytjafiska.

Þá var áformað að skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka til að skoða reynslu af aflamarkskerfinu eins og kveðið var á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007. Endurskoða átti einnig reglur um forkaupsrétt á aflaheimildum, framsali innan ársins, veiðiskyldu og byggðakvóta. Ekki hafa fengist fullnægjandi svör frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um hvort þetta hafi gengið eftir en að sögn þess hafa reglurnar þó verið í stöðugri endurskoðun í ráðuneytinu.

## 2.4 FRÉTTATILKYNNING FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI 12. SEPTEMBER 2007

Eftir að ráðuneytin og stofnanir þeirra höfðu unnið að gerð tillagna um aðgerðir birti fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) fréttatilkynningu nr. 17/2007 hinn 12. september 2007 um frekari útfærslu þeirra en þær höfðu verið samþykktar á ríkisstjórnarfundum deginum áður. Í fréttatilkynningunni kom m.a. fram að aðgerðum stjórnvalda væri ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskafla. Ekki væri unnt að lýsa þeim nákvæmlega á þessu stigi málsins, þar sem enn væri ekki komið í ljós hversu mikil og víðtæk áhrif aflasamdrátturinn hefði. Þess vegna væru fyrirhugaðar aðgerðir ekki endanlega staðsettar eða tímasettar en það skýrðist þegar líða færi á fiskveiðiárið og áhrif minnkandi þorskafla kæmu betur í ljós.

Í fréttatilkynningunni kom fram að aðgerðirnar væru tímabundnar enda væri vonast til að minnkandi sókn í þorsstofninn leiddi til þess að hann eflist og dafnaði og unnt yrði að auka veiðar að nýju innan fárra ára. Fram kom að mörg verkefnanna yrðu tímabundin á meðan atvinnulífið brygðist við og fyndi leiðir til að skapa ný störf á öðrum

**AÐGERÐIRNAR ÁTTU  
AÐ TREYSTA  
STÖÐUGLEIKA Í  
EFNAHAGSLÍFINU**

**AÐGERÐIRNAR ÁTTU  
AÐ DRAGA ÚR  
NEIKVÆÐUM  
ÁHRIFUM AFLA-  
SAMDRÁTTAR**

vettvangi. Önnur verkefni myndu halda áfram að loknu því tímabili sem mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar tækju til. Í fréttatilkynningunni kom einnig fram að í aðgerðum ríkisstjórnarinnar væri sérframlag vegna tillagna Vestfjarðanefndarinnar. Í fylgiskjali með fréttatilkynningunni var nánar fjallað um einstaka liði áætlunarinnar en samtals var áætlað að ráðstafa um 13,2 ma.kr. í mótvægisáðgerðirnar á tímabilinu 2007– 2010 (sjá töflu 3.2).

Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að þegar stjórnvöld áætla að ráðstafa verulegum fjármunum til verkefna á borð við mótvægisáðgerðirnar vegna samdráttar þorskveiðiheimilda þá sé slík áætlun staðfest af Alþingi í formi þingsályktunar.

## 2.5 NEFNDIR Á VEGUM FORSÆTISRÁÐUNEYTIS

Forsætisráðherra skipaði hinn 15. mars 2007 svonefnda Vestfjarðanefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Tillögur hennar voru birtar í skýrslu í apríl 2007.

Forsætisráðherra skipaði tvær nefndir á árinu 2008 til að styrkja atvinnulíf og samfélag, annars vegar á Norðurlandi vestra og hins vegar á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Nefndunum var m.a. ætlað að gera tillögur um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, uppbyggingu iðnaðar og þjónustu og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu. Tillögur nefndanna voru birtar í skýrslum sem komu út í maí 2008 en ekki verður fjallað nánar um þær í þessari skýrslu. Þáverandi skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti, sem var formaður Vestfjarðanefndar, var einnig formaður þessara tveggja nefnda. Að hans sögn voru á þessum tíma ekki skipaðar sambærilegar nefndir vegna Vesturlands, Suðurlands og Reykjaness.

# 3 FRAMLÖG TIL MÓTVÆGISAÐGERÐA

## 3.1 SAMANTEKT

Samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum árin 2007–2009 námu fjárveitingar í tengslum við mótvægisáðgerðir vegna samdráttar þorskveiðiheimilda 1.277 m.kr. árið 2007, 4.395 m.kr. árið 2008 og 1.734 m.kr. árið 2009 eða samtals 7.406 m.kr. Þar af voru 517 m.kr. vegna tillagna Vestfjarðanefndar, þ.e. 54 m.kr. árið 2007, 244 m.kr. árið 2008 og 219 m.kr. árið 2009.

Þessu til viðbótar lagði Orkubú Vestfjarða ohf. fram 160 m.kr. til að tengja raforkukerfi Ísafjarðardjúps við raforkukerfi annarra landshluta. Ekki var veitt sérstök fjárveiting úr ríkissjóði í þessu skyni heldur við það miðað að Orkubúið kostaði framkvæmdina. Þá voru skuldir Byggðastofnunar við ríkissjóð lækkaðar með því að heimila í fjárukalögum 2007 að eiginfjárstaða Byggðastofnunar yrði styrkt um allt að 1.200 m.kr.

Almennt var ekki gerð grein fyrir flýtingu vegaf framkvæmda í fjárlögum en það var þó gert í fjárlögum 2008. Aðrar fjárveitingar til vegamála sem voru hluti af mótvægisáðgerðunum voru ekki sérstaklega eyrnamerktaðar þeim í fjárlögum og fjárukalögum. Þetta gerir það að verkum að erfitt er að henda nákvæmar reiður á hversu mikið mótvægisáðgerðirnar kostuðu í heild, auk þess sem ýmsar ákvarðanir sem teknar voru síðar tengjast þeim með einum eða öðrum hætti. Má í því sambandi nefna að í tengslum við áðgerðirnar eða vegna þeirra voru veittar 941 m.kr. árið 2008 til framkvæmda við Akureyrarflugvöll (sjá kafla 3.5.1). Heildarkostnaður vegna þeirra á árunum 2008–2010 nam hins vegar um 1,7 ma.kr. Þá voru veittar 400 m.kr. á árinu 2009 til uppbyggingar háhraðanetstenginga (sjá kafla 3.5.5) en áætlað var að heildarkostnaður við það verkefni næmi 900–1.000 m.kr. Í þessu sambandi má vitna til svars Fjarskiptasjóðs við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar um þetta efni þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

Fjarskiptasjóður hefur ekki fengið neina sérstaka fjárveitingu byggða á greinargerð um að hraða uppbyggingu fjarskiptakerfa sem lið í mótvægisáðgerð ríkisstjórnarinnar til að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks, sbr. tilkynningu fjármálaráðuneytis frá haustinu 2007.

Þetta sýnir að dæmi voru um að ráðuneyti gættu þess ekki að upplýsa stofnanir sínar um að tilteknar fjárveitingar tengdust eða væru vegna mótvægisáðgerðanna.

Vegagerðin varð eðli máls samkvæmt að ljúka framkvæmdum sem hófust sem hluti af mótvægisáðgerðunum og með fjárveitingum sem raktar eru til þeirra. Ekki var þó óalgengt að verkefnið væru samtímis fjármögnuð af öðrum fjárlagaliðum og/eða almennu vegafé.

**FJÁRVEITINGAR TIL  
MÓTVÆGISAÐGERÐA  
7,4 MA.KR. Í FJÁR-  
OG FJÁRAUKALÖGUM  
2007–2009**

**ERFITT AÐ HENDA  
REIÐUR Á  
HEILDARKOSTNAÐ VIÐ  
AÐGERÐIRNAR**

**13,7 MA.KR.  
RÁÐSTAFAD Í  
AÐGERDIRNAR Í  
RAUN**

Ef eingöngu er litið til fjárveitinga í fjárlögum og fjárukalögum, framlaga vegna flýtingar vegnafrákvæmda og Byggðastofnunar sem og eigin framlaga Orkubús Vestfjarða ohf. þá var rúmlega 13,7 ma.kr. ráðstafað í aðgerðirnar á tímabilinu 2007–2010. Áætlun stjórnvalda hljóðaði hins vegar upp á samtals 13,2 ma.kr. (sjá töflur 3.1 og 3.2).

3.1 Fjárveitingar vegna mótvægisáðgerða 2007–2010 í m.kr.	
FJÁRLÖG OG FJÁRAUKALÖG 2007–2009	7.406
VEGAFRAMKVÆMDIR 2009–2010	4.970
LÆKKUN SKULDA BYGGÐASTOFNUNAR	1.200
FRAMLAG ORKUBÚS VESTFJARÐA OHF.	160
<b>SAMTALS</b>	<b>13.736</b>

Tafla 3.2 sýnir nánari sundurliðun áðgerðanna, áætlun vegna þeirra og framlög, sbr. fylgiskjal með fréttatilkynningu fjármálaráðuneytis frá 12. september 2007.

3.2 Sundurliðun mótvægisáðgerða, áætlun þeirra og raunframlög árin 2007–2010 í m.kr.		
AÐGERÐIR	ÁÆTLUN	FJÁRLÖG O.FL.
ENDURBÆTUR OG VIÐHALD FASTEIGNA RÍKISSJÓÐS	1.000	999
VEGNA LÆKKANDI TEKNA SVEITARFÉLAGA	750	500
EFLA NÁMSFRAMBOD Í FRAMHALDSSKÓLUM OG SÍMENNTUNARMIDSTÖÐVUM	200	200
BREGÐAST VIÐ AUKNU ATVINNULEYSI	60	60
ATVINNUMÁL KVENNA OG VEGNA NÁMSKEIÐA FYRIR ATHAFNAKONUR	60	60
STYRKJA FJÖLMENNINGARSETUR Á VESTFJÖRÐUM	58	58,5
EFLA NÝSKÖPUNARSTÖÐ ÍSLANDS Í VESTMANNAEYJUM OG Á HÖFN (1)	56	56
EFLA HÁSKÓASETUR Á BOLUNGARVÍK	20	20
EFLA HÁSKÓASETUR Í STYKKISHÓLMI	20	20
EFLA HAFRANNSÓKNASTOFNUNINA Á ÓLAFSVÍK	20	25
EFLA MATVÆLARANNSÓKNIR ÍSLANDS Á HORNAFIRÐI	20	20
EFLA HÁSKÓASETUR Í VESTMANNAEYJUM	20	20
UPPBYGGING Á LÍFTÆKNI- OG FISKELDISAÐSTÖÐU Á SAUÐÁRKRÓKI	20	20
EFLA SJÁVARRANNSÓKNASETUR Í ÓLAFSVÍK	20	20
EFLA SJÁVARLÍFTÆKNISETUR Á SKAGASTRÖND	20	20
RANNSÓKNIR Á ELDI SJÁVARDÝRA Á PATREKSFIRÐI	20	20
EFLA FRUMKVÖÐLA- OG HÁSKÓLASETUR Á HORNAFIRÐI	32	32
AUKA SVIGRÚM FISKVINNSLUFYRIRTÆKJA TIL AÐ HALDA STARFSFÓLI Á LAUNASKRÁ	200	357
AUKA STARFSEMI ATVINNUPRÓUNARFÉLAGA Á LANDSBYGGÐINNI	200	200
VAXTARSAMNINGAR Á NORÐURLANDI VESTRA OG NORÐURLANDI EYSTRÁ	180	180
STYRKJA FRAMHALDSNÁM Á LANDSBYGGÐINNI	364	369
GRUNN- OG ENDURSKRÁNING Á SKJALASÖFNUM OG STAFRÆN GERÐ MANNTALA	240	215
STYRKJA FERÐAÞJÓNUSTUNA	196	196
JARÐHITALEIT	150	150
FLÝTING VEGAFRAMKVÆMDA OG NÝ FRAMLÖG (2)	6.140	6.500
FLÝTING FRAMKVÆMDA VIÐ AKUREYRARFLUGVÖLL	700	941
UPPBYGGING FJARSKIPTAKERFA (1)	400	400
VEGNA TILLAGNA VESTFJARÐANEFNDAR (1)	517	517
TOGARARALL (1)	150	150
BYGGING GESTASTOFU Í ÞJÓÐGARÐINUM Á SNÆFELLSNESI (1)	50	50
LÆKKUN SKULDA BYGGÐASTOFNUNAR	1.200	1.200
ORKUBÚ VESTFJARÐA OHF. VEGNA TENGINGAR VIÐ LANDSNET	160	160
	<b>13.243</b>	<b>13.735,5</b>



- (1) Ekki komu fram fjárhæðir í fréttatilkynningunni og því er gert ráð fyrir sömu fjárhæðum og í fjárlögum.
- (2) Í fréttatilkynningunni var gert ráð fyrir flýtingu vegaf framkvæmda að fjárhæð 5.810 m.kr. og nýjum framkvæmdum að fjárhæð 330. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar voru 6.500 m.kr. til skiptanna vegna mótvægisáðgerða í vegamálum. Hins vegar voru aðeins tilgreindar 1.530 m.kr. vegna þeirra í fjárlögum 2008, þ.e. 1.400 m.kr. vegna flýtiframkvæmda og 130 m.kr. vegna nýrra framkvæmda, eins og getið var um í fréttatilkynningunni.

Tæplega 1,3 ma.kr. var varið til mótvægisáðgerðanna í fjárlögum og fjárukalögum árið 2007. Hins vegar hófust framkvæmdir vegna þeirra í mörgum tilvikum ekki fyrr en árið 2008 þar sem ákvarðanir lágu seint fyrir. Sumar framkvæmdirnar stóðu því yfir fram á árið 2010 og jafnvel lengur. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið upplýsingar um annað en að fjárveitingar til mótvægisáðgerða hafi að mestu verið fullnýttar. Fjárveitingar sem áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar urðu margar hverjar varanlegar í þeim skilningi að þær héldust óbreyttar í nokkur ár og einhverjar þeirra eru jafnvel enn við lýði (mars 2013).

Stjórnvöld settu ekki fram markmið um árangur né skilgreindu árangursmælivarða vegna mótvægisáðgerðanna. Árangur var því ekki metinn með heildstæðum hætti. Yfirleitt var árangur af einstökum aðgerðum heldur ekki metinn á formlegan hátt. Við gerð þessarar skýrslu bentu viðmælendur Ríkisendurskoðunar á að aðstæður í þjóðfélaginu og ríkisstjórnarskipti í kjölfar efnahagshrunsins í byrjun október 2008 hafi orðið til þess að verkefnið fékk ekki þá eftirfylgni sem það hefði átt að fá. Þegar litið er til svara ráðuneyta og stofnana þeirra við spurningum Ríkisendurskoðunar verður þó ekki annað séð en að aðgerðirnar hafi að mestu verið í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar.

**FJÁRVEITINGAR VORU  
AÐ MESTU  
FULLNÝTTAR**

**ÁRANGUR VAR EKKI  
METINN**

## 3.2 FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTI


Tafla 3.3 sýnir fjárveitingar fjármála- og efnahagsráðuneytis (áður fjármálaráðuneyti) árin 2007–2009 vegna mótvægisáðgerða.

3.3 Fjárveitingar fjármála- og efnahagsráðuneytis 2007–2009 í m.kr.				
RÁÐUNEYTI/STOFNANIR	VERKEFNI	2007	2008	2009
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	ENDURBÆTUR OG VIÐHALD			
	FASTEIGNA Í EIGU RÍKISINS	333	333	51
FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS	ENDURBÆTUR OG VIÐHALD			
	FASTEIGNA Í EIGU RÍKISINS			282
<b>SAMTALS</b>		<b>333</b>	<b>333</b>	<b>333</b>

### 3.2.1 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI OG FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS VEGNA ENDURBÓTA OG VIÐHALDS

Í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneyti hinn 20. desember 2007 var greint frá því að fjármálaráðherra hefði ákveðið skiptingu á þeim milljarði sem ríkisstjórnin ætlaði að verja til framkvæmda við endurbætur og viðhald fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins. Tekið var tillit til ábendinga og tillagna Fasteigna ríkissjóðs og heilbrigðisráðuneytis. Sérstaklega var litið til þeirra sveitarfélaga og svæða þar sem aflasamdráttur

myndi leiða til fækkunar starfa. Með samningi hinn 28. janúar 2008 milli Fasteigna ríkissjóðs og heilbrigðisráðuneytis var ákveðið að stofnunin tæki við umsjón með húsnæði heilbrigðisstofnana sem tilgreindar voru í fréttatilkynningunni nema Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Fasteignir ríkissjóðs sáu því um ráðstöfun alls fjármagnsins nema 40 m.kr. fjárveitingar til Fjórðungssjúkrahússins. Heildarfjárveitingarnar voru skertar um 30 m.kr. með fjárukalögum 2009 en að öðru leyti voru þær nýttar að fullu. Fasteignir ríkissjóðs höfðu því 930 m.kr. til ráðstöfunar sem skiptust þannig eftir landsvæðum samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni (sjá mynd 3.4).



Framlöggin voru í öllum aðalatriðum nýtt í samræmi við þá skiptingu fjármálaráðuneytis sem gerð var grein fyrir í fréttatilkynningunni frá 20. desember 2007. Þó voru nokkur frávik:

- Utanhússviðgerðir á St. Franciskuspítalanum fóru 45 m.kr. fram úr áætlun. Færð var samsvarandi fjárhæð af Sjúkrahúsi Vestmannaeyja til að fjármagna hallann enda hafði ekki náðst samstaða um fyrirhugaðar innanhússbreytingar þar en þeim framkvæmdum er nú lokið.
- Áætlað var að verja 40 m.kr. í aðgengi hreyfihamlaðra og endurnýjun á lyftu í heilsugæslustöðinni á Akureyri. Ekki náðist samkomulag við meðeigendur um framkvæmdir þannig að engu fjármagni var ráðstafað í þessu skyni. 25 m.kr. af fjárveitingunni var þess í stað varið til aukinna viðhaldsframkvæmda við Sjúkrahúsið á Húsavík og 15 m.kr. til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Önnur frávik voru minniháttar. Að sögn Fasteigna ríkissjóðs var 25% af fjárframlögum nýtt árið 2008, um 52% árið 2009, um 22% árið 2010 og um 2% árið 2011.

Árangur hefur hvorki verið metinn með formlegum hætti né lagt mat á hvort þau markmið sem ríkisstjórnin stefndi að um að bæta stöðu sjávarbyggða hafi náðst. Að mati Fasteigna ríkissjóðs hafa viðhaldsframkvæmdirnar sem slíkar skilað árangri og verið varanlegar.

### 3.3 VELFERÐARRÁÐUNEYTI

Tafla 3.5 sýnir fjárveitingar árin 2007–2009 vegna mótvægisáðgerðanna sem skráðar voru á þau ráðuneyti sem nú hafa verið sameinuð undir velferðarráðuneyti.

3.5 Fjárveitingar velferðarráðuneytis 2007–2009 í m.kr.		2007	2008	2009
<b>RÁÐUNEYTI/STOFNANIR</b>	<b>VERKEFNI</b>			
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	TIL SVEITARFÉLAGA SEM VERÐA FYRIR AFLASAMDRÆTTI	250	250	
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	FJÖLMENNINGARSETUR Á ÍSAFIRÐI	6,5	26	26
VINNUMÁLASTOFNUN	STUÐNINGSÁÐGERÐIR OG VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI	15	45	
ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐUR	ATVINNULEYSI MEÐAL KVENNA	15	25	
ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐUR	AUKA SVIGRÚM FISKVINNSLUFYRIRTÆKJA TIL AÐ HALDA STARFSFÓLKI Á LAUNASKRÁ	77	140	140
HEILBRIGDISSTOFN. PATREKSFIRÐI	VESTFJ.NEFND. AUKA HEIMAHJÚKRUN OG SKÓLAHEILSUGÆSLU	2	8	8
HEILBRIGDISSTOFNUNIN	VESTFJ.NEFND. SAMÞÆTTING HEIMAHJÚKRUNAR OG			
ÍSAFJARÐARBÆ	HEIMAPJÓNUSTU ÍSAFJARÐARBÆJAR	4	8	8
<b>SAMTALS</b>		<b>369,5</b>	<b>502</b>	<b>182</b>

#### 3.3.1 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA SVEITARFÉLAGA

Ríkisstjórnin ákvað að verja 750 m.kr. árin 2007–2009 til sveitarfélaga sem urðu fyrir tekjumissi vegna samdráttar þorskveiðiheimilda. Árið 2007 nam fjárveitingin 250 m.kr. og aftur 250 m.kr. árið 2008. Félagsmálaráðuneyti hafði umsjón með verkefninu árið 2007. Ábyrgð á því var flutt til samgönguráðuneytis (nú innanríkisráðuneyti) árið 2008 þegar málefni sveitarfélaga færðust til þess og var fjárveiting ársins 2008 einnig flutt til samgönguráðuneytis í fjárukalögum 2008. Við þriðju umræðu fjárlaga 2009 á Alþingi var fellt niður 250 m.kr. fjárveiting sem ætluð var sveitarfélögum í þessu skyni það ár. Fjárveitingin var flutt til Fjarskiptasjóðs sem fékk árið 2009 samtals 400 m.kr. framlag (sjá kafla 3.5.5). Samtals var því 500 m.kr. ráðstafað til sveitarfélaga árin 2007 og 2008 vegna mótvægisáðgerðanna.

**500 M.KR. VAR  
RÁÐSTAFAD TIL  
SVEITARFÉLAGA**

Í samráði við ýmsa aðila og miðað við tiltekna forsendur ákvað félagsmálaráðherra að 37 sveitarfélög skyldu fá styrki árið 2007. Samgönguráðherra ákvað síðan að 32 þeirra skyldu aftur fá styrki árið 2008 en fimm sveitarfélög sem fengu styrki 2007 fengu þá ekki aftur. Tafla 3.6 sýnir skiptingu styrkjanna eftir landsvæðum.

Þessi framlög voru ekki eyrnamerkt tilteknum verkefnum hjá sveitarfélögum heldur greidd þeim sem urðu fyrir verulegum tekjumissi vegna aflasamdráttarins. Fjármagnið nýttist því til að létta undir með rekstri þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga var árangur af þessum framlögum ekki metinn með formlegum hætti. Vakin er athygli á að gerð er grein fyrir framlögum á árinu 2008 til sveitarfélaganna í þessum kafla en ekki í umfjöllun um innanríkisráðuneyti í kafla 3.5.

### 3.6 Framlög til sveitarfélaga árið 2007 og 2008 í m.kr.

SVEITARFÉLÖG	2007	2008	SAMTALS	HLUTFALL
	M.KR.	M.KR.		M.KR.
REYKJANESBÆR	0,9		0,9	0,2
GRINDAVÍKURBÆR	35,1	35,0	70,1	14,0
SANDGERÐISBÆR	1,0	1,8	2,8	0,6
SVEITARFÉLAGIÐ GARÐUR	6,5	8,4	14,9	3,0
SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR	1,1	3,4	4,5	0,9
AKRANESKAUPSTAÐUR	2,9	3,9	6,8	1,4
GRUNDARFJARÐARBÆR	12,9	9,3	22,2	4,4
STYKKISHÓLMSBÆR	5,1	6,3	11,4	2,3
SNÆFELLSBÆR	35,1	23,9	59,0	11,8
BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR	8,0	8,7	16,7	3,3
ÍSAFJARÐARBÆR	15,4	24,1	39,5	7,9
TÁLKNAFJARÐARHREPPUR	3,8	2,3	6,1	1,2
VESTURBYGGÐ	6,1	6,4	12,5	2,5
SÚÐAVÍKURHREPPUR	1,3		1,3	0,3
ÁRNESHREPPUR	0,5	0,3	0,8	0,2
KALDRANANESHREPPUR	1,4	0,7	2,1	0,4
STRANDABYGGÐ	0,6	0,2	0,8	0,2
SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR	1,6	4,2	5,8	1,2
HÚNAÞING VESTRA	0,5		0,5	0,1
SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND	7,6	10,7	18,3	3,7
AKUREYRARKAUPSTAÐUR	5,8	3,8	9,6	1,9
NORÐURÞING	2,9	1,7	4,6	0,9
FJALLABYGGÐ	11,3	13,2	24,5	4,9
DALVÍKURBYGGÐ	13,2	15,6	28,8	5,8
GRÍMSEYJARHREPPUR	10,1	4,7	14,8	3,0
ARNARNESHREPPUR	0,5		0,5	0,1
GRÝTUBAKKAHREPPUR	4,3	5,1	9,4	1,9
LANGANESBYGGÐ	5,3	3,5	8,8	1,8
SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR	2,6	3,3	5,9	1,2
FJARÐABYGGÐ	8,3	6,6	14,9	3,0
VOPNAFJARÐARHREPPUR	1,8	1,3	3,1	0,6
BORGARFJARÐARHREPPUR	1,4	1,1	2,5	0,5
BREIÐDALSHREPPUR	0,5		0,5	0,1
DJÚPAVOGSHREPPUR	1,3	1,9	3,2	0,6
SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR	8,9	12,0	20,9	4,2
VESTMANNAEYJABÆR	17,9	24,5	42,4	8,5
SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS	6,5	2,1	8,6	1,7
<b>SAMTALS</b>	<b>250</b>	<b>250</b>	<b>500</b>	<b>100</b>

#### 3.3.2 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA FJÖLMENNINGARSETURS Á ÍSAFIRÐI

Árin 2007–2009 voru samtals 58,5 m.kr. veittar á fjárlagalið félagsmálaráðuneytis „Félagsmál, ýmis starfsemi“ vegna Fjölmennningarseturs á Ísafirði. Féð skyldi nýtt til að ráða í stöður upplýsingafulltrúa, túlka og þróunarfulltrúa. Verkefninu var einkum ætlað að koma til móts við einstaklinga af erlendum uppruna sem missa myndu störf vegna aflasamdráttar. Í lok árs 2007 tók til starfa verkefnisstjóri í upplýsingamiðlun í setrinu. Í samráði við ráðuneytið var ákveðið að starf verkefnisstjóra þróunarverkefna yrði staðsett á Egilsstöðum og unnið í nánu samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Austfjörðum. Hann tók til starfa í mars 2008 en sagði upp í ágúst 2009. Samkvæmt

**58,5 M.KR. VEGNA  
FJÖLMENNINGAR-  
SETURS Á ÍSAFIRÐI**

upplýsingum frá velferðarráðuneyti var ráðið í öll þau störf sem ákveðið var að ráða í og tengdust mótvægisáðgerðunum. Ráðuneytið gat á hinn bóginn ekki þegar leið fram á árið 2009 veitt viljrði fyrir viðbótarfjármagni vegna starfsmanns á Austurlandi vegna óvissu um framtíðarskipan mála. Framkvæmdastjórinn telur að árangur af verkefninu hafi verið góður þó hann hafi ekki verið metinn með formlegum hætti.

### 3.3.3 VINNUMÁLASTOFNUN TIL AÐ EFLA VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI

Árið 2007 voru 15 m.kr. veittar Vinnumálastofnun til að efla vinnumarkaðsúrræði vegna aukins atvinnuleysis og árið 2008 fékk stofnunin 45 m.kr. í sama skyni. Fyrri fjárveitingin var veitt síðla árs 2007 og því var ekki gert ráð fyrir henni í rekstraráætlun Vinnumálastofnunar það ár. Hún var nýtt til að styrkja rekstur stofnunarinnar sem skorti fé til að mæta útgjöldum ársins en um 30 m.kr. hækkun varð á kostnaði við rekstur aðalskrifstofu vegna fjölgunar stöðugilda og kjarasamningsbundinna launa-hækkana. Fjárveitingin árið 2008 var hins vegar notuð til að efla þjónustu stofnunarinnar á landsbyggðinni og standa fyrir auknum vinnumarkaðsúrræðum, m.a. til að vega upp á móti áhrifum aflasamdráttar. Þannig jókst kostnaður þjónustuskrifstofa á landsbyggðinni úr 285 m.kr. árið 2007 í 329 m.kr. árið 2008, eða um 15,4%. Stöðugildum fjölgaði úr 51,8 í 54,9 árið 2008.

**60 M.KR. TIL  
VINNUMÁLA-  
STOFNUNAR**

Vinnumálastofnun lagði á þessum árum mikla áherslu á að fjölga stöðugildum á landsbyggðinni. Þannig var starfsemi Fæðingarorlofsjóðs flutt til Hvammstanga (12 stöðugildi) 1. janúar 2007 og Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga hóf starfsemi á Skagaströnd 1. apríl 2007. Umsvif Greiðslustofu jukust úr 27 m.kr. árið 2007 í 70 m.kr. árið 2008. Að mati Vinnumálastofnunar leikur ekki vafi á því að fjárveitingin í fjárlögum 2008 vegna mótvægisáðgerðanna átti þátt í að byggja Greiðslustofuna upp á þessum tíma. Þjónustuskrifstofurnar lögðu aukna áherslu á að koma atvinnuleitendum í vinnumarkaðsúrræði og auka þannig möguleika þeirra á að fá vinnu. Alls var 89,7 m.kr. varið til slíkra úrræða árið 2008 í samanburði við 70,2 m.kr. árið 2007. Vinnumálastofnun telur að þessar áðgerðir hafi leitt til þess að atvinnuleysi varð mun minna árin 2007 og 2008 en spáð var. Í fjárlögum árið 2008 var gert ráð fyrir 2,9% atvinnuleysi. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar var atvinnuleysið um 1% þar til í september 2008 þegar það fór í 1,3% og jókst svo jafnt og þétt næstu mánuðina þar á eftir en meðalatvinnuleysi ársins varð þó ekki hærra en 1,6%. Árangur af þessum áðgerðum hefur þó ekki verið metinn með formlegum hætti.

### 3.3.4 ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐUR VEGNA ATVINNUMÁLA KVENNA

Styrkjum til atvinnumála kvenna hefur verið úthlutað einu sinni á ári síðan árið 1991. Velferðarráðherra úthlutar þeim eftir tillögum ráðgjafanefndar sem metur umsóknir. Umræddir styrkir hafa numið um 20–30 m.kr. á hverju ári.

Árið 2007 voru 15 m.kr. veittar Atvinnuleysistryggingasjóði vegna mótvægisáðgerða en Vinnumálastofnun sér um daglega umsýslu hans. Auglýst var eftir umsóknum seint á árinu 2007 og var styrkjum úthlutað til 28 kvenna (fyrirtækja) á landsbyggðinni í byrjun árs 2008. Styrkjunum var ætlað að standa undir kostnaði við gerð viðskipta-áætlana, markaðssetningu og vörupróun. Fjárveitingin var að fullu nýtt. Á árinu 2008 voru 50 m.kr. veittar í þessu skyni, þar af 25 m.kr. vegna mótvægisáðgerða til 31 konu á landsbyggðinni. Fjórar þeirra nýttu ekki sína styrki að heildarfjárhæð 1,2 m.kr. Um

**40 M.KR. VEGNA  
ATVINNUMÁLA  
KVENNA Á LANDS-  
BYGGÐINNI**

önnur framlög vegna þessara aðgerða var ekki að ræða. Á hverju ári er gefin út skýrsla um styrkveitingarnar og árangur verkefna metinn. Í nóvember 2012 voru 37 verkefni enn í gangi af þeim 59 sem fengu styrki árin 2007 og 2008, eða 62,7%. Það er mat verkefnisstjóra hjá Vinnumálastofnun að þessi framlög hafi komið að góðum notum við atvinnusköpun á landsbyggðinni og hafi þannig náð tilætluðum árangri.

### 3.3.5 ATVINNULEYSISTRÝGGINGASJÓÐUR VEGNA FISKVINNSLUFYRIRTÆKJA

Árið 2007 voru 77 m.kr., 140 m.kr. árið 2008 og 140 m.kr. árið 2009 eða samtals 357 m.kr. veittar Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja fiskvinnslufyrirtæki vegna hráefnisskorts. Þessar fjárveitingar komu til viðbótar ríkisframlögum til sjóðsins. Árið 2007 varð töluverð aukning á greiðslum til fiskvinnslufyrirtækja því fjöldi hráefnislausra daga jókst þá verulega. Að mati Vinnumálastofnunar bendir þetta til að rýmkaðar heimildir til greiðslu og aukin fjárveiting hafi komið fiskvinnslufyrirtækjunum til góða haustið 2007. Tölur bendi til þess að fyrirtækin hafi verið farin að aðlaga sig aflasamdrættinum á árinu 2008 og ekki hafi komið til þess að þau hafi þurft að fækka starfsfólki þá nema að litlu leyti. Aukin fjárveiting á árinu 2008 var því ekki fullnýtt á því ári en hins vegar hefur verið stöðug aukning í útgreiðslum árin 2009–2012. Fyrirtæki sem ekki hafi fengið greiðslur áður hafi í auknum mæli nýtt sér þennan möguleika. Ef þróun undanfarinna ára er skoðuð má sjá að mesta aukningin á greiðslum hefur verið til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar. Að mati hennar er erfitt að færa rök fyrir því að auknar lagaheimildir og fjárveitingar hafi komið landsbyggðinni frekar til góða en höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun telur að þessar aðgerðir hafi treyst rekstrargrundvöll fiskvinnslufyrirtækja á þessum árum og forðað starfsmönnum frá uppsögnum þó að tölur séu ekki tiltækar þessu til stuðnings. Árangurinn af þessum aðgerðum hefur ekki verið metinn með formlegum hætti.

### 3.3.6 HEILBRIGÐISSTOFNUNIN PATREKSFIRÐI VEGNA HJÚKRUNARÞÁTTAR

Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði fékk samtals 18 m.kr. árin 2007–2009 til að styrkja hjúkrunarþátt heilsugæslunnar á þjónustusvæðinu sem er víðfeðmt. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar og voru nýttar að fullu. Aldurssamsetning íbúa á starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar kallaði á aukna heimahjúkrun. Ráðinn var hjúkrunarfræðingur í fullt starf sem sinnti verkefninu fram í júní 2009 þegar hann hætti störfum. Annar var ráðinn sem sinnti starfinu í eitt og hálf ár en eftir það slitnaði þráðurinn smátt og smátt enda voru ekki veittar frekari fjárveitingar til að sinna þessum þætti í starfseminni. Engu að síður telur forstjóri stofnunarinnar að fjárveitingarnar hafi að mestu náð þeim markmiðum sem að var stefnt.

### 3.3.7 HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ VEGNA KVÖLD- OG HELGARÞJÓNUSTU

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ fékk samtals 20 m.kr. árin 2007–2009 til að efla og auka kvöld- og helgarþjónustu í heimahjúkrun og geðheilbrigðismálum. Þessar fjárveitingar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar og voru að fullu nýttar og gott betur því stofnunin bætti við fjármagni af sínu rekstrarfé. Að mati forstjóra hennar hefur vel tekist til með bæði verkefnum og hefur þeim verið sinnt áfram án þess að fjárveitingar hafi verið eyrnamerkar þeim sérstaklega.

**357 M.KR. TIL AÐ  
STYRKJA FISK-  
VINNSLUFYRIRTÆKI**

**18 M.KR. TIL  
HEILBRIGÐIS-  
STOFNUNARINNAR  
PATREKSFIRÐI**

**20 M.KR. TIL  
HEILBRIGÐIS-  
STOFNUNARINNAR  
ÍSAFJARÐARBÆ**

### 3.4 MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Tafla 3.7 sýnir fjárveitingar mennta- og menningarmálaráðuneytis (áður menntamálaráðuneyti) árin 2007–2009 vegna mótvægisáðgerða.

3.7 Fjárveitingar mennta- og menningarmálaráðuneytis 2007–2009 í m.kr.					
RÁÐUNEYTI/STOFNANIR	VERKEFNI	2007	2008	2009	
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	SÍMENNTUN OG FJARKENNSLA	100	100		
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	FLÝTING Á UPPBYGGINGU NÝS FRAMHALDS- SKÓLA VIÐ UTANVERÐAN EYJAFJÖRÐ	5	15		
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	FRUMGREINADEILDIR Á SUÐURNESJUM OG VESTFJÖRÐUM VEGNA NEMENDAÍGILDA	12	140	140	
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	FRÆDSLUMIÐSTÖÐ VESTFJARÐA	5	5	5	
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	VESTFJ.N. ÞJÓÐFRÆÐISTOFA Á STRÖNDUM		10	10	
HÁSKÓLI ÍSLANDS	HÁSKÓLASETUR Á BOLUNGARVÍK	20			
HÁSKÓLI ÍSLANDS	HÁSKÓLASETUR Í STYKKISHÓLMI	20			
HÁSKÓLI ÍSLANDS	HÁSKÓLA- OG FRUMKVÖÐLAS. Á HORNAF.	4	14	14	
HÁSKÓLI ÍSLANDS	VESTFJ.NEFND. ATVINNULÍF OG SAMFÉLAG Í V- BARÐASTRANDASÝSLU		8	8	
ÞEKKINGARSETUR Í VESTMANNAEYJUM	TIL EFLINGAR SJÁVARRANNSÓKNA		20		
FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM	ÍPRÓTTABRAUT	5	10		
FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA	EFLING NÁMSFRAMBOÐS	5	15		
FRAMHALDSSKÓLI AUSTUR-SKAFTAFELL.	FJARNÁM	2	5		
ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS	GRUNNSKRÁNING OG ENDURSKRÁNING Á LÍTT EÐA ÓSKRÁÐUM SKJALASÖFNUM	40	100	75	
FORNLEIFAVERND RÍKISINS	VESTFJ.N.. EMB, MINJAVARÐAR Á VESTFJ.	4	6	8	
HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA	VESTFJ.N. STARFS. HÁSKÓASETURS VESTFJ		20	20	
<b>SAMTALS</b>		<b>222</b>	<b>468</b>	<b>280</b>	


#### 3.4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA SÍMENNTUNAR OG FJARKENNSLU

Veittar voru 100 m.kr. árið 2007 og aftur 100 m.kr. árið 2008 til Þróunarsjóðs sem ætlaður er til að efla námsframboð og náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum á landsbyggðinni. Sjóðurinn á einnig að styrkja náms- og starfsráðgjöf, m.a. í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og veita fjármunum til raunfærismats í samvinnu við hana. Veittir voru styrkir að fjárhæð 179,4 m.kr. til 59 verkefna. Tafla 3.8 sýnir skiptingu þeirra eftir landsvæðum samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins. Styrkveitingarnar voru að hluta til háðar framvindu verkefna og þátttöku í þeim. Það leiddi til þess að um 21,5 m.kr. voru ekki greiddar. Samtals voru því 158 m.kr. greiddar út. Um 30 m.kr. af 200 m.kr. heildarfjárveitingunni var ráðstafað þannig: 1,2 m.kr. var ráðstafað í launa- og ferðakostnað verkefnisstjóra sem leiðbeindi umsækjendum. Í öðru lagi greiddi ráðuneytið 4,4 m.kr. til Fræðslunets Austurlands og 4,4 m.kr. til Háskólaseturs Vestfjarða vegna vanefnda iðnaðarráðuneytis árið 2009. Það var gert til að unnt væri að standa við gerðan samning við þessa aðila. Í þriðja lagi voru greiddar 20 m.kr. til eflingar námsframboðs Tækniskólans árið 2009. Ógreiddar eru um 12 m.kr. af heildarfjárveitingunni (mars 2013) og flest bendir til að ekki þurfi að greiða þær og þeim því skilað aftur í ríkissjóð. Heildarárangur verkefnisins hefur ekki verið metinn.

**200 M.KR. VEGNA  
SÍMENNTUNAR OG  
FJARKENNSLU**



### 3.8 Skipting eftir landsvæðum í m.kr. og %



#### 3.4.2 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA FRAMHALDSSKÓLA VIÐ EYJAFJÖRÐ

Veittar voru 5 m.kr. árið 2007 og 15 m.kr. árið 2008 til að flýta uppbyggingu nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Verkefnið hófst á árinu 2008. Framlöggin voru að fullu nýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð höfðu verið. Í frumvarpi til fjárlaga 2009 var 15 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var til verkefnisins felld niður. Í fjárlögum 2009 fékk Framhaldsskólinn við utanverðan Eyjafjörð hins vegar eigið fjárlaganúmer og 23,6 m.kr. var veitt til hans á því ári. Sú fjárveiting kom með millifærslum af öðrum fjárlagaliðum. Eftir þetta hefur skólinn fengið framlög í fjárlögum eins og aðrir framhaldsskólar samkvæmt reiknilíkani mennta- og menningarmálaráðuneytis. Skólinn hóf starfsemi haustið 2009. Stýrihópur sem hafði umsjón með verkefninu lagði fram tillögur um framgang þess til ráðuneytisins. Árangur var ekki metinn með formlegum hætti en ráðuneytið fylgdist með framgangi verkefnisins og að fyrirætlanir um stofnun skólans næðu fram að ganga.

#### 3.4.3 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA FRUMGREINANÁMS

Veittar voru 12 m.kr. árið 2007, 140 m.kr. árið 2008 og 140 m.kr. árið 2009 til frumgreinanáms á Suðurnesjum og Vestfjörðum. Verkefnið hófst á árinu 2008. Framlöggin voru að fullu nýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru.

Á vorönn 2008 var boðið upp á frumgreinanám hjá Háskólasetri Vestfjarða í samvinnu við Háskólann í Reykjavík en því var hætt vorið 2010. Háskólasetur Vestfjarða fékk samtals 56,4 m.kr. vegna þessa, þ.e. 6 m.kr. árið 2007, 22,4 m.kr. árið 2008 og 28 m.kr. árið 2009. Í samningi sem gerður var milli menntamálaráðuneytis, Háskólaseturs Vestfjarða og Háskólans í Reykjavík um frumgreinanám á Vestfjörðum voru ákvæði um upplýsingagjöf og skil á ársskýrslu og ársreikningi. Árangur var ekki metinn formlega en ráðuneytið fylgdist með fjölda nemenda, skilum og fjárreiðum.

Haustið 2007 hóf Keilir á Suðurnesjum að bjóða upp á frumgreinanám í samvinnu við Háskóla Íslands. Keilir fékk til þess samtals 235,6 m.kr. sem skiptust þannig: 6 m.kr.

20 M.KR. TIL FRAM-  
HALDSSKÓLA VIÐ  
EYJAFJÖRÐ

296 M.KR. VEGNA  
FRUMGREINANÁMS



árið 2007, 117,6 m.kr. árið 2008 og 112 m.kr. árið 2009. Keilir hélt áfram að bjóða upp á frumgreinanám og í fjárlögum 2010 fékk skólinn sérstaka fjárveitingu vegna þess.

#### 3.4.4 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR VESTFJARÐA

Árin 2007–2009 voru veittar 15 m.kr. til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða vegna Suðurfjarða. Framlöggin voru að fullu nýtt. Fjárveiting vegna ársins 2007 að fjárhæð 5 m.kr. var ákveðin með fjárukalögum sem voru ekki samþykkt fyrir en í loks árs 2007. Vinnan hófst því ekki fyrir en árið 2008. Bein afleiðing þess var að framlög árána 2008 og 2009 voru nýtt árin 2009 og 2010. Það sem á skorti var tekið af fjárframlagi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Eftir að átaksverkefninu lauk hefur Fræðslumiðstöð Vestfjarða rekið starfsemina áfram með þeim fjármunum sem miðstöðin hefur úr að spila. Stefnt var að því að starfið á Patreksfirði yrði orðið sjálfbært að verkefninu loknu. Ekki hefur enn komið í ljós hvort það gangi eftir (mars 2013). Litið er svo á að Fræðslumiðstöð Vestfjarða sé með mannaðar starfsstöðvar á nokkrum stöðum á Vestfjörðum og starfsfólk myndi eitt teymi hvar sem það er staðsett. Framlagið var talið nauðsynlegt til að koma starfsemi á Suðurfjörðum af stað. Ekki hefur verið gerð formleg úttekt á árangri en það var fyrst árið 2010 sem tókst að kenna vottaðar námsleiðir á Suðursvæðinu og hefur heildarfjöldi þátttakenda aukist síðan þá.

15 M.KR. TIL  
FRÆÐSLUMIÐ-  
STÖÐVAR VEST-  
FJARÐA

#### 3.4.5 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA FRÆÐSLUSETURS Á STRÖNDUM

Árin 2008 og 2009 voru veittar 10 m.kr. hvort ár til Þjóðfræðistofu á Hólmavík, rannsóknastofnunar og fræðsluseturs á Ströndum. Þetta var hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu Vestfjarðanefndar. Í fjárlögum 2010 lækkaði framlagið í 8,5 m.kr. vegna aðgerða til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisútgjöldum. Framlagið nam 7,6 m.kr. árið 2011 og 7,4 m.kr. árið 2012.

20 M.KR. TIL  
FRÆÐSLUSETURS Á  
STRÖNDUM

Verkefnið hófst árið 2008. Framlöggin voru nýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru. Árið 2012 var gerður samningur til þriggja ára við Strandagaldur sem er rekstraraðili Þjóðfræðistofu. Árangurinn hefur ekki verið metinn formlega en ráðuneytið fær árlega senda greinargerð um starfsemina og leggur mat á hana. Samkvæmt upplýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytis nýtur Þjóðfræðistofa fræðilegs trausts opinberra rannsóknasjóða og fræðasamfélagsins.

#### 3.4.6 HÁSKÓLI ÍSLANDS VEGNA RANNSÓKNASETRA

Árið 2007 fékk Háskóli Íslands 44 m.kr., 22 m.kr. árið 2008 og 22 m.kr. árið 2009, samtals 88 m.kr. Fjárveitingarnar runnu að mestu til rannsóknasetra skólans á landsbyggðinni að undanskildum 4 m.kr. árið 2007 sem fóru til Læknadeildar Háskóla Íslands til að efla samskipti við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

88 M.KR. TIL  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Árið 2007 voru veittar fjárveitingar til þriggja rannsóknasetra. 20 m.kr. voru veittar til rannsóknaseturs skólans í Bolungarvík, 20 m.kr. til rannsóknaseturs skólans á Snæfellsnesi og 4 m.kr. til rannsóknaseturs á Höfn Hornafirði. Árið 2008 voru 14 m.kr. og aftur 14 m.kr. á árinu 2009 veittar til rannsóknasetursins á Höfn. Árið 2008 voru 8 m.kr. og aftur 8 m.kr. árið 2009 veittar til starfsemi á Patreksfirði sem starfar undir merkjum rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík en þær fjárveitingar eiga rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Framlöggin voru að fullu nýtt til að auka starfsemi rannsóknasetrana. Að auki veitti Háskóli Íslands fé í verkefni og

vísindamenn sem ráðnir voru vegna þeirra öfluðu styrkja til að efla starfsemina. Sérstök áhersla var lögð á að ráða menntaðar konur til starfa því það var talið mikilvægt vegna þróunar byggðanna. Setrin hafa starfað áfram og gengið hefur verið frá greinargerð vegna starfsemi þeirra. Að mati Háskóla Íslands er sú starfsemi sem fram fer á rannsóknasetrunum liður í velgengni skólans á alþjóðavettvangi.

#### 3.4.7 ÞEKINGARSETUR Í VESTMANNAEYJUM TIL AÐ EFLA SJÁVARRANNSÓKNIR

Þekkingarsetrið í Vestmannaeyjum fékk 20 m.kr. árið 2008 til að efla sjávarrannsóknir. Þá strax hófst vinna við að koma upp Sjávarrannsóknamiðstöð með áherslu á atferlisrannsóknir, tilraunir og verklega kennslu. Fyrirhugað var að nýta aðstöðuna fyrir rannsóknastofnanir Þekkingarsetursins og fyrir nemendur á háskólastigi og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins. Árið 2009 hófst vinna, í samstarfi við Vestmannaeyjabæ, við að flytja Sjávarrannsóknamiðstöðina í nýtt húsnæði þar sem einnig átti að setja á laggirnar nýtt Fiskasafn. Hugmyndin var að samnýta tæki og búnað Fiskasafnsins og Sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar. Frekari framkvæmdir í þáverandi húsnæði voru stöðvaðar og ákveðið að taka frá það fjármagn sem eftir stóð, um 12 m.kr., sem Þekkingarsetur Vestmannaeyja varðveitir nú á vörslureikningi. Sjávarrannsóknamiðstöðin er þó enn í rekstri. Vestmannaeyjabær á húsnæðið sem miðstöðin er í en hún greiðir ekki leigu fyrir aðstöðuna. Fjöldmörg verkefni hafa verið unnin hjá Sjávarrannsóknamiðstöðinni sem hafa verið fjármöggnuð af öðrum en ríkissjóði. Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur gert samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti sem gildir til loka árs 2013. Þar er gert ráð fyrir 9 m.kr. til reksturs Sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar. Framlaginu er ætlað að standa undir launakostnaði, almennum rekstri, viðhaldi og umsjón með rannsóknabúnaði. Árangur af verkefninu hefur ekki verið metinn formlega enda er því ekki lokið (mars 2013). Farið hefur verið yfir stöðu þess á árlegum fundum með mennta- og menningarmálaráðuneyti.

#### 3.4.8 FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM VEGNA NÁMSFRAMBOÐS

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum fékk árið 2007 5 m.kr. og 10 m.kr. árið 2008. Fjárveitingarnar voru ekki bundnar við afmörkuð verkefni heldur ætlað að gera námsframboðið fjölbreyttara. Skipstjórnarnám, sem hafði legið niðri, hófst haustið 2007. Fjárveitingin árið 2008 var notuð til að efla verknámið. Stýrimannánám hélt áfram, vélstjórnarnám var lengt og nám fyrir húsasmíði var sett af stað. Nám við þessar brautir fór ýmist fram í staðarnámi eða fjarnámi eða á báðum sviðum. Einnig voru gerðar tilraunir með íþróttanámi, ásamt ýmsum námskeiðum, s.s. köfunarnámskeið, suðunámskeið, smáskipanám og vélgæslunámskeið. Fjárveitingarnar voru fullnýttar og dugðu ekki til fulls. Árið 2009 fékkst 4,6 m.kr. styrkur, tengdur mótvægisáðgerðum í gegnum Nýsköpunarmiðstöð Íslands í verkefnið „skólaskip“. Verkefnið var tengt kennslu og þjálfun skipstjórnar- og vélstjórnarnema og gekk út á að nota vel búið fiskiskip sem kennslustofu í samvinnu við útgerðir í Vestmannaeyjum.

Ekki fór fram formlegt mat á árangri. Hins vegar telur skólinn að útskrifaðir nemendur af þeim verknámsbrautum og styttri námskeiðum, sem í boði voru á þessum árum, séu staðfesting á árangri. Þeir nemendur sem byrjuðu nám sitt árin 2007–2009 á umræddum verknámsbrautum og námskeiðum luku flestir námi frá vori 2009 til vors 2011. Á þessum árum voru útskrifaðir samtals 23 nemendur. Einnig voru útskrifaðir rúmlega 50 einstaklingar af námskeiðum á þessum tíma.

20 M.KR. TIL  
ÞEKINGARSETURS Í  
VESTMANNAEYJUM

15 M.KR. TIL  
FRAMHALDSSKÓLANS  
Í VESTMANNAEYJUM

### 3.4.9 FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA VEGNA NÁMSFRAMBOÐS

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra fékk samtals 20 m.kr. árin 2007 og 2008 til að efla námsframboð. Framlöggin voru að fullu nýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru. Önnur framlög voru ekki veitt. Haustið 2007 byrjuðu 22 nemendur í starfstengdu meistaranámi við skólann. Meistaránamið tók ýmist tvær eða fjórar annir. Á vorönn 2008 var byrjað á námi sem gaf 30 tonna skipstjórnarréttindi og 85 nemendur lögðu stund á það.

**20 M.KR. TIL  
FJÖLBRAUTASKÓLA  
NORÐURLANDS  
VESTRA**

Árangurinn hefur verið metinn. Að mati skólameistara er hann mjög góður og hefur skilað svæðinu mörgum einstaklingum með starfsréttindi. Meistaraneimar hafa í kjölfarið stofnað eigin fyrirtæki og tekið til sín nema. Þá fengu margir sjómenn á svæðinu, sem höfðu verið með undanþágu til að geta gert út báta sína, tækifæri til að öðlast nauðsynleg réttindi.

### 3.4.10 FRAMHALDSSKÓLINN Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU VEGNA FJARNÁMS

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu fékk 2 m.kr. árið 2007 og 5 m.kr. árið 2008, samtals 7 m.kr. til fjarnáms. Mótvægisáðgerðirnar hófust 2008 og þeim lauk á haustið 2010. Framlöggin voru að fullu nýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru. Ekki var um önnur framlög að ræða vegna mótvægisáðgerðanna. Að mati skólameistara gekk það eftir sem til stóð að gera. Formlegt árangursmat liggur fyrir í skýrslu sem send var ráðuneytinu.

**7 M.KR. TIL FRAM-  
HALDSSKÓLANS Í A-  
SKAFTAFELLSSÝSLU**

### 3.4.11 ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS VEGNA GRUNNSKRÁNINGAR OG ENDURSKRÁNINGAR

Árin 2007–2009 fékk Þjóðskjalasafnið 215 m.kr. til að hefja grunnskráningu og endurskráningu á lítt eða óskráðum skjalasöfnum og til að vinna að stafrænni gerð manntala. Með verkefninu var stefnt að því að bæta aðgengi almennings, fræðimanna og opinberra stofnana að mikilvægum réttar- og menningarsögulegum heimildum með hjálp upplýsingatækni. Gert var ráð fyrir að 20 störf yrðu til á ári vegna verkefnisins sem unnin yrðu m.a. í samstarfi við héraðsskjalasöfnin á Ísafirði, Sauðárkróki og Húsavík.

**215 M.KR. TIL  
ÞJÓÐSKJALASAFNS  
ÍSLANDS**

Undirbúningur vegna mótvægisáðgerðanna hófst í september 2007 og af fullum krafti þegar fyrir lá staðfesting um að fjárveitingar myndu fylgja í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Verkefni safnsins var að skapa skráningarstörf á þeim svæðum þar sem vænta mátti atvinnuleysis vegna minni þorskkvóta. Fyrstu störfin urðu til á Húsavík í desember 2007. Næsti hópur tók til starfa í febrúar 2008 í Vestmannaeyjum og svo koll af kalli. Verkefnin voru komin að fullu til framkvæmda um mitt ár 2008 og voru framlöggin öll nýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru. Upphaflega var gert ráð fyrir að fjárveitingar til safnsins í þessu skyni næmu samtals 240 m.kr. Við fjárlagagerð fyrir árið 2009 var ákveðið að fresta 25 m.kr. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2010 var ákveðið að skráningarverkefnum safnsins úti á landi skyldi framhaldið og 50 m.kr. bætt við þær 25 m.kr. sem frestað var. Þjóðskjalasafn Íslands fékk því 290 m.kr. árin 2007–2010 í þessu skyni. Vinnu lauk ekki að fullu fyrr en komið var fram á árið 2011.

Verkefnin hafa verið gerð upp. Umfang og afrakstur hefur verið mældur og fjárhagslegt uppgjör liggur fyrir í skýrslu sem safnið tók saman árið 2011. Markmiðin náðust í öllum meginatriðum. Unnin voru 49 ársverk á sex stöðum á landinu árin 2007–2010. Niðurstaðan var að það tókst að skrá það magn skjalasafna sem áætlað var og einnig

náðist að færa tíu manntöl í stafrænan búning eins og að var stefnt. Mat á gæðum afurðanna er enn ekki að fullu lokið en safnið telur að gæðin séu mjög viðunandi miðað við aðstæður og þær faglegu forsendur sem lágu til grundvallar verkefnunum.

#### 3.4.12 FORNLEIFAVERND RÍKISINS VEGNA RÁÐNINGAR MINJAVARÐAR

Fornleifavernd ríkisins fékk 4 m.kr. árið 2007 til að ráða minjavörð til að sinna verkefnum á Vestfjörðum með aðsetur í Bolungarvík, 6 m.kr. árið 2008 og aftur 8 m.kr. árið 2009. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Mótvægisáðgerðirnar hófust með ráðningu minjavarðar og voru framlögin nýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru. Ekki var um önnur framlög að ræða. Minjavörðurinn hefur látið af störfum og vegna fjárskorts hjá stofnuninni hefur ekki verið ráðið aftur í starfið.

#### 3.4.13 HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA VEGNA UPPBYGGINGAR SETURSINS

Háskólasetri Vestfjarða voru veittar 20 m.kr. árið 2008 og aftur 20 m.kr. árið 2009 til uppbyggingar. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Undirbúningur meistaranáms byrjaði fyrir alvöru 2007 og kennsla hófst í september 2008. Framlögin voru að fullu nýtt. Að mati forstöðumanns Háskólasetursins höfðu fjárveitingarnar góð áhrif á þróun setursins. Það fékk einnig fjárveitingar í gegnum menntamálaráðuneyti til frumgreinanáms (sjá kafla 3.4.3).

### 3.5 INNANRÍKISRÁÐUNEYTI

Tafla 3.9 sýnir fjárveitingar árin 2008–2009 vegna mótvægisáðgerða sem skráðar voru á ráðuneyti sem nú hafa verið sameinuð í innanríkisráðuneyti. Engar fjárveitingar voru veittar árið 2007. Vakin er athygli á að framlög að fjárhæð 250 m.kr. á árinu 2008 til sveitarfélaga sem urðu fyrir tekjumissi vegna samdráttar þorskveiðheimilda eru til umfjöllunar í kafla 3.2.1 um félagsmálaráðuneyti (nú velferðarráðuneyti) þó að þessi málaflokkur tilheyri nú innanríkisráðuneyti.

3.9 Fjárveitingar innanríkisráðuneytis 2008–2009 í m.kr.			
RÁÐUNEYTI/STOFNANIR	VERKEFNI	2008	2009
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	FLÝTING FRAMKVÆMDA Á SAMGÖNGUÁÆTLUN	280	
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	FLÝTING FRAMKVÆMDA Á SAMGÖNGUÁÆTLUN	661	
VEGAGERÐIN	FJÖLGUN FLUGFERÐA TIL VESTMANNAEYJA	18	18
VEGAGERÐIN	FLÝTING VEGAFRAMKVÆMDA Á SAMGÖNGUÁÆTLUN	1.530	
DÓMSMÁLARÁÐUNEYTI	ÝMIS REKSTRARKOSTN, SÝSLUMANNSEMBÆTTA	30	15
SÝSLUM. Á ÍSAFIRÐI	SÝSLUMANNSEMBÆTTIÐ		15
FJARSKIPTASJÓÐUR	HÁHRADANETSÚTBOD FJARSKIPTASJÓÐS		400
<b>SAMTALS</b>		<b>2.519</b>	<b>448</b>

#### 3.5.1 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Tvær fjárveitingar í töflu 3.9 eru skráðar á samgönguráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti). Flugstoðir, fyrirrennari Isavia ohf., sinnti þeim en um var að ræða flýtingu framkvæmda á samgönguáætlun. Annars vegar var um að ræða 280 m.kr. árið 2008 til viðhalds á yfirborði flugbrautar á Akureyrarflugvelli og hins vegar 661 m.kr. árið 2008 til lengingar á flugbraut og kaupum á aðflugsbúnaði á Akureyrarflugvelli. Verkið var boðið út árið 2008 og var stærstur hluti þess, eða 66%, framkvæmdur það ár, um 32% af verkinu var unnið árið 2009 en lokafrágangur var árið 2010. Fjárveitingarnar voru að

18 M.KR. TIL  
FORNLEIFAVERNDAR  
RÍKISINS

40 M.KR. TIL  
HÁSKÓLASETURS  
VESTFJARÐA

941 M.KR. TIL FRAM-  
KVÆMDA Á AKUR-  
EYRARFLUGVELLI

fullu nýttar til ofangreindra verkefna, auk viðbótarfjármagns til að ljúka verkinu. Árangur hefur ekki verið metinn með formlegum hætti en ljóst er að kostir fylgja lengri flugbraut og flugvelli í hærra gæðaflokki sem nýta má til millilandaflugs. Flugvöllurinn, sem er varaflugvöllur fyrir innan- og utanlandsflug, nýttist t.d. mjög vel í gosinu í Eyjafjallajökli í apríl og maí árið 2010 þegar beina þurfti millilandaflugi til Akureyrar.

### 3.5.2 VEGAGERÐIN

Flýting vegaframkvæmda kemur ekki nema að litlu leyti fram í töflu 3.8 því eina fjárveitingin sem sérstaklega var eyrnamerkt mótvægisáðgerðum var 1.530 m.kr. í fjárlögum 2008. Um er að ræða þær 1.400 m.kr. sem vikið var að í fréttatilkynningunni frá 12. september 2007 að yrðu færðar fram á árið 2008, ásamt 130 m.kr. nýjum framlögum. Mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar fólust að langstærstum hluta í að flýta áður ákveðnum framkvæmdum. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar var ákveðið að ráðstafa 6.500 m.kr. til vegamála vegna mótvægisáðgerðanna, þ.e. 1.530 m.kr. árið 2008, 2.150 m.kr. árið 2009 og 2.820 m.kr. árið 2010. Einnig átti að auka tíðni flugs til Vestmannaeyja, sem átti að kosta 18 m.kr. á ári. Því var reyndar hætt á miðju ári 2010 þegar Landeyjahöfn var tekin í notkun. Tafla 3.10 sýnir hvernig Vegagerðin áætlaði að skipta fjármagninu til að standa undir tilteknum framkvæmdum að hluta eða fullu.

**6.500 M.KR.  
VEGNA VEGA-  
FRAMKVÆMDA**

3.10 Framkvæmdir eftir landsvæðum í m.kr.				
LANDSVÆÐI	2008	2009	2010	SAMTALS
SUÐURSTRANDARVEGUR	300	240	120	660
SNÆFELLSNESVEGUR	200	300	-100	400
VESTFJARÐAVEGUR	430	300		730
DÝRAFJARÐARGÖNG		100	900	1.000
STRANDAVEGUR	100	130	-150	80
NORÐAUSTURVEGUR	400	220	-360	260
DETTIFOSSVEGUR	100	60	310	470
NORÐFJARÐARVEGUR		600	1.700	2.300
AXARVEGUR		200	400	600
<b>SAMTALS</b>	<b>1.530</b>	<b>2.150</b>	<b>2.820</b>	<b>6.500</b>

Til skýringar á neikvæðum fjárhæðum þriggja framkvæmda árið 2010 í töflu 3.10 er Strandavegur tekinn sem dæmi. Samkvæmt vegaáætlun átti að ráðstafa 150 m.kr. til framkvæmdanna á árinu 2010. Ákveðið var að flýta verkinu og ljúka því á árunum 2008 og 2009. Til þess að það væri hægt þurfti 80 m.kr. fjárveitingu úr mótvægisáðgerðapottinum en einnig þurfti að fá lánaðar 150 m.kr. úr honum, sem endurgreiddar voru árið 2010 með fjárveitingu af vegaáætlun.

Verkefnin hófust árið 2008 eða höfðu hafist fyrir þann tíma. Þau voru samtímis fjármögnuð af öðrum liðum, þ.e. með almennu vegafé og/eða fjárveitingum af ráðstöfun söluandvirðis Símans. Tafla 3.11 sýnir heildarkostnað framkvæmdanna árin 2008–2011 samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar.

### 3.11 Heildarframkvæmdakostnaður eftir landsvæðum í m.kr.

LANDSVÆÐI	2008	2009	2010	2011	SAMTALS
SUÐURSTRANDARVEGUR	74	1.015	374	518	1.981
SNÆFELLSNESVEGUR	147	192	27	20	386
VESTFJARÐAVEGUR	296	257	534	390	1.477
DÝRAFJARÐARGÖNG	18	60	23	2	103
STRANDAVEGUR	108	64	8	79	259
NORÐAUSTURVEGUR	1.001	1.582	1.081	541	4.205
DETTIFOSSVEGUR	80	324	416	307	1.127
NORÐFJARÐARVEGUR	88	36	22	13	159
AXARVEGUR	26	32	15	8	81
<b>SAMTALS</b>	<b>1.838</b>	<b>3.562</b>	<b>2.500</b>	<b>1.878</b>	<b>9.778</b>

Nokkrum verkanna er lokið með fullbúnum vegum með bundnu slitlagi. Sum þeirra voru umsvifamikil og kaflaskipt og boðin út í áföngum, t.d. Vestfjarðavegur, Stranda-vegur, Dettifossvegur og Norðausturvegur. Þar eru tilteknir kaflar tilbúnir (mars 2013) en öðrum ólokið. Þá hefur verið hafist handa við rannsókn- og hönnunavinnu við Axarveg, Dýrafjarðargöng og Norðfjarðargöng. Árangur af fjárveitingum til Vegagerðarinnar vegna mótvægisáðgerðanna hefur ekki verið metinn með formlegum hætti en að mati stofnunarinnar hefur tekist vel til.

#### 3.5.3 DÓMSMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA SÝSLUMANNSEMBÆTTA

Dómsmálaráðuneyti voru veittar 30 m.kr. árið 2008 og aftur 30 m.kr. árið 2009 til nýrra og aukinna verkefna sýslumannsembætta á Vestfjörðum. Þessar fjárveitingar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Síðar voru 15 m.kr. millifærðar af fjárveitingu 2009 til Sýslumannsins á Ísafirði. Ráðuneytið hafði því aðeins 45 m.kr. til ráðstöfunar. Sú fjárhæð rann síðan til Sýslumannsins í Bolungarvík. Fjárveitingin var m.a. notuð til að sinna innheimtu og álagningu vanrækslugjalds og var ráðið í tvö störf vegna þess. Árangur hefur ekki verið metinn með formlegum hætti.

#### 3.5.4 SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI VEGNA SKÖNNUNARMÍÐSTÖÐVAR

Árið 2009 voru 15 m.kr. veittar til rekstrar skönnunarmiðstöðvar hjá Sýslumanninum á Ísafirði (tveir starfsmenn) og til greiðslu launa eins löglærðs fulltrúa sem sinnti verkefnum á sviði útlendingamála. Fulltrúinn lét af störfum í byrjun árs 2010 og varð ekki framhald á því verkefni. Þessi fjárveiting átti rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Árangur af þessum áðgerðum hefur ekki verið metinn með formlegum hætti.

#### 3.5.5 FJARSKIPTASJÓÐUR VEGNA HÁHRAÐNETSÚTBOÐS

Fjarskiptasjóði voru veittar 400 m.kr. árið 2009 til að ganga frá samningi í samræmi við svokallað háhraðanetsútboð sjóðsins. Eitt af þeim meginverkefnum sem sjóðnum var falið að leysa á grundvelli fjarskiptaáætlunar 2005–2010 var „að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðanettengingum.“ Til að ná þessu markmiði undirbjó sjóðurinn útboð á uppbyggingu þjónustu á stöðum þar sem ekki var veitt sítengd netþjónusta á markaðslegum forsendum. Víðtækt samráð var haft vegna þessa, m.a. við sveitarstjórnir og fjarskiptafyrirtæki. Staðir sem uppfylla skilyrði verkefnisins eru lögheimili með heilsársbúsetu eða fasteignir með atvinnustarfsemi allt árið sem ekki hafa aðgang að sítengdri netþjónustu á markaðslegum forsendum.

45 M.KR. TIL  
SÝSLUMANNSINS Í  
BOLUNGARVÍK

15 M.KR. TIL  
SÝSLUMANNSINS Á  
ÍSAFIRÐI

400 M.KR. TIL  
FJARSKIPTASJÓÐS  
VEGNA HÁHRAÐA-  
NETSÚTBOÐS

Gildistími samningsins er til 1. mars 2014 með möguleika á framlengingu í allt að tvö ár. Opið er fyrir viðbætur á staðalista verkefnisins á gildistíma samningsins. Það er gert til að mæta breyttri búsetu eða skerðingu á markaðssvæðum þjónustuaðila. Frá september 2010 til desember 2012 jókst nettófjöldi á staðalistanum um 137 (23 féllu af lista á tímabilinu en 160 var bætt við). Ef sjóðnum berast vísbendingar um að staðir sem uppfylla skilyrði verkefnisins séu ekki á staðalistanum þá bregst hann við slíku og hyggst gera það áfram að öllu óbreyttu. Verkefnið er því lifandi þar sem brugðist er við breyttum aðstæðum um land allt.

Verkefnið náði til um 1.700 skilgreindra staða um allt land. Í útboðsgögnum var kveðið á um ákveðinn forgang í uppbyggingu svæða. Í þeim kom m.a. fram að haga skyldi uppbyggingu og gangsetningu þannig að þjónusta hæfist svo fljótt sem auðið yrði og eigi síðar en 12 mánuðum frá undirritun samnings á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Þessi uppbygging gekk eftir innan tímamarka. Svæðum var að öðru leyti ekki forgangsraðað að hálfu sjóðsins heldur var verktakanum sem samið var við gefið frelsi á grundvelli útboðsgagna til þess að byggja fjarskiptakerfi upp sem hraðast á öðrum svæðum landsins. Í stuttu máli gekk verkefnið þannig fyrir sig:

- Unnið að undirbúningi frá ársbyrjun 2007.
- Útboðið var auglýst 25. febrúar 2008.
- Tilboð voru opnuð 4. september 2008.
- Samið var við verktaka 25. febrúar 2009.
- Uppbyggingu lauk að mestu í september 2010.
- Rekstur og viðbætur á staðalista frá október 2010 og út samningstímann.

### 3.6 ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTI

Tafla 3.12 sýnir fjárveitingar sem skráðar voru á ráðuneyti sem nú hafa verið sameinuð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og stofnanir þeirra árin 2007–2009 vegna mótvægisáðgerðanna.

### 3.12 Fjárveitingar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis 2007-2009 í m.kr.

RÁÐUNEYTI/STOFNANIR	VERKEFNI	2007	2008	2009
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	STYRKJA FERÐAÞJÓNUSTU		80	80
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	JARÐHITALEIT VÍÐS VEGAR UM LANDIÐ	50	50	50
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	EFLING MATVÆLARANNSÓKNA Á HORNAFIRÐI	20		
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDB.RÁÐUN.	UPPBYGGING Á LÍFTÆKNI- FISKELDISAÐSTÖÐU Á SAUÐÁRKROKI		20	
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDB.RÁÐUN.	SJÁVARRANNSÓKNARSETUR Í ÓLAFSVÍK		25	
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDB.RÁÐUN.	SJÁVARLÍFTÆKNISETUR Á SKAGASTRÖND		20	
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDB.RÁÐUN.	RANNSÓKNIR Á ELDI SJÁVARDÝRA Á PATREKSFIRÐI		20	
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	VESTFJ.NEFND. EFLING MATVÆLARANNSÓKNA Á VESTFJÖRÐUM		13	13
NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS	NÁMSKEIÐ FYRIR ATHAFNAKONUR		20	
NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS	EFLING NÝSKÖPUNARSTÖÐVAR ÍSLANDS Í VESTM.EY.	4	12	12
NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS	EFLING NÝSKÖPUNARSTÖÐVAR ÍSLANDS Á HÖFN Í H.	4	12	12
NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS	VESTFJ.N. NÝSKÖPUN OG ATVINNUPRÓUN Á VESTFJ.	5	18	18
BYGGÐASTOFNUN	EFLING STARFSEMI ATVINNUPRÓUNARFÉL. Á LANDSB	100		100
BYGGÐASTOFNUN	VESTFJ.N.. ATVINNULÍF OG SAMFÉL Í V-BARÐASTRS.	5	8	8
BYGGÐASTOFNUN	VESTFJ.N. ATVINNULÍF OG SAMFÉLAG Í STRANDAS.	3	9	9
BYGGÐAÁÆTLUN	FJÁRVEITING TIL VAXTARSAMNINGA Á NORÐURL. V.	30	30	30
BYGGÐAÁÆTLUN	FJÁRVEITING TIL VAXTARSAMNINGA Á NORÐURL. E.	30	30	30
HAFRANNSÓKNASTOFNUN	EFLING HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR Á ÓLAFSVÍK	20		
HAFRANNSÓKNASTOFNUN	TOGARARALL	50		
HAFRANNSÓKNASTOFNUN	TOGARARALL		50	50
HAFRANNSÓKNASTOFNUN	VESTFJ.NEFND. VEIÐIFRÆÐIRANNSÓKNIR		30	30
<b>SAMTALS</b>		<b>321</b>	<b>447</b>	<b>442</b>

#### 3.6.1 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI VEGNA FERÐAÞJÓNUSTU

Á árunum 2008 og 2009 voru tvær fjárveitingar vegna ferðaþjónustu skráðar á iðnaðarráðuneyti, 80 m.kr. hvort ár til að styrkja hana á svæðum sem verst urðu úti vegna niðurskurðar þorskveiðiheimilda. Ferðamálastofa sá um framkvæmdina. Auglýst var eftir umsóknum í janúar 2008. Alls bárust 303 umsóknir. Úthlutað var 77 styrkjum en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Fjárhæð styrks nam að meðaltali tæplega 2,1 m.kr. Sendir voru samningar til 76 aðila í lok apríl en einn af þeim ákvað að þiggja ekki styrkinn og var honum ekki endurúthlutað. Styrkþegar fengu greiddan helming styrkfjárhæðar við undirskrift samnings. Seinni helmingur styrksins var greiddur út eftir að styrkþegi hafði sent inn framvinduskýrslu og hún verið samþykkt. Framlöggin voru að mestu leyti nýtt til þeirra verkefna sem sótt var um styrk til. Einstaka verkefni breyttist á verkefnatímabilinu en fjármunirnir nýttust innan ferðaþjónustunnar. Þrír styrkþegar hafa ekki gert grein fyrir hvernig þeir nýttu það fjármagn sem þeir fengu greitt, þ.e. fyrri helming styrksins, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið haft samband við viðkomandi. Einn styrkþeginn varð gjaldþrota á tímabilinu og fékk einungis helming styrksins greiddan. Einn aðili nýtti ekki að fullu veittan styrk. Heildarárangur hefur ekki verið metinn en í samningum við styrkþega var þeim gert að skila inn framvinduskýrslu eins og fyrr segir sem og lokaskýrslu til að tryggja að styrkirnir rynnu til þeirra verkefna sem til var ætlast.

#### 160 M.KR. VEGNA FERÐAÞJÓNUSTU

#### 150 M.KR. VEGNA JARÐHITALEITAR

#### 3.6.2 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI VEGNA JARÐHITALEITAR

Áætlað var að iðnaðarráðuneyti fengi 150 m.kr. árin 2007–2009 til jarðhitaleitar víðsvegar um landið en Orkusjóður og orkuráð höfðu umsjón með verkefninu. Raunin



varð hins vegar sú að ráðuneytið fékk 147,5 m.kr. til verkefnisins. Orkuráði var falið að skila tillögum um úthlutunarreglur til iðnaðarráðherra fyrir lok janúar 2008. Ráðherrann staðfesti tillögur orkuráðs 27. febrúar 2008 og í framhaldinu voru styrkir auglýstir. Í samræmi við úthlutunarreglurnar veitti orkuráð hinn 6. júní 2008 styrki að fjárhæð 150 m.kr. til 16 aðila vegna 21 verkefnis. Gerðir voru skriflegir samningar fyrir hvert verkefni og var fjárhæð hvers þeirra að meðaltali 7,2 m.kr. Framlögin hafa einungis verið nýtt til þeirra verkefna sem úthlutað var til í upphafi. Óskum um breytingar á verkefnum, frá því sem gert var ráð fyrir í umsókn, hefur verið hafnað ef vafi hefur leikið á að þær rúmuðust innan ramma úthlutunarreglnanna. Samkvæmt þeim gat styrkur numið allt að 75% af áætluðum kostnaði verkefnis, þó að hámarki 8 m.kr. Samningar voru gerðir miðað við mögulegan hámarksstyrk í hverju tilfelli. Frávik verkefna frá upphaflegum áformum gátu því einungis orðið til lækkunar á framlögum, annars vegar ef raunkostnaður reyndist lægri en áætlað var og hins vegar ef verkefnið félli niður. Nú í mars 2013 er níu verkefnum lokið, ellefu eru í vinnslu og eitt er með framlengdan frest. Ekki hefur farið fram heildstætt mat á árangri heldur hefur hann að verið metinn jafnóðum fyrir hvert verkefni. Matið hefur verið í höndum styrkþega og þeirra jarðvísindamanna sem veita þeim ráðgjöf. Skýrslum er skilað til Orkusjóðs og þær varðveittar hjá Orkustofnun. Þá eru upplýsingar einnig skráðar í „borholuskrá“. Að sögn Orkusjóðs mun sú þekking sem fæst við jarðhitaleitina nýtast síðar við ákvarðanatöku um hugsanlegt framhald hennar.

### 3.6.3 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI VEGNA MATVÆLARANNSÓKNA Á HORNAFIRÐI

Árið 2007 voru 20 m.kr. veittar sjávarútvegsráðuneyti til eflingar matvælarannsóknna á Hornafirði en Matís ohf. hafði umsjón með verkefninu. Það hófst árið 2007 en þá var ráðist í uppbyggingu svokallaðrar Matarsmiðju sem er sérhönnuð aðstaða til matvælavinnslu. Hún er vel búin tækjum og með öll tilskilin leyfi til matvælavinnslu. Frumkvöðlar geta gegn vægu gjaldi leigt aðstöðuna til að framleiða eigin vörur og þannig frestað stærri fjárfestingum í tækjum og búnaði meðan framleiðsla þeirra er að komast á legg. Matís ohf. hefur einnig haft sérfræðing í fullu starfi á Höfn og vinnur hann náið með frumkvöðlum og fyrirtækjum á svæðinu. Nýtist hann því bæði við rannsóknarverkefni og vöruþróunarverkefni. Fjárveitingin var fullnýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru. Til viðbótar kom framlag frá sveitarfélaginu í formi tímabundinnar niðurfellingar á leigu vegna húsnæðis Matarsmiðjunnar. Ennfremur hefur Matís ohf. sett eigið fé í verkefnið. Ekki hefur verið um að ræða frekari framlög í fjárlögum sérstaklega til verkefnisins en Matís ohf. hefur engu að síður haldið úti starfsemi og engar áætlanir eru um að draga úr henni. Sérstakt mat á verkefninu hefur ekki farið fram umfram það sem fram kemur í árlegri árangursskýrslu Matís ohf. til ráðuneytisins. Að mati fyrirtækisins hefur árangurinn þó verið ótvíræður. Verkefnið hefur eflt matvælarannsóknir á Höfn, en þar eru rekin allnokkur rannsókn- og þróunarverkefni í samstarfi við útgerð, fiskvinnslu og landbúnað, og leitt til þess að ný störf hafa orðið til á svæðinu, t.d. við vinnslu uppsjávarfisks og ýmsa smáframleiðslu hjá bændum.

**20 M.KR. VEGNA  
EFLINGAR MAT-  
VÆLARANNSÓKNA Á  
HORNAFIRÐI**

### 3.6.4 SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI VEGNA LÍFTÆKNI- OG FISKELDISAÐSTÖÐU Á SAUÐÁRRÓKI

Um var að ræða samvinnuverkefni Vers, Matís ohf. og Háskólans á Hólum um frekari uppbyggingu á líftækni- og fiskeldisaðstöðu á Sauðárkróki. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem styrkveitandi gerði tvo samninga, við Matís ohf. að fjárhæð 10

**20 M.KR. VEGNA  
FISKELDISAÐSTÖÐU Á  
SAUÐÁRRÓKI**



m.kr. og við Verið, vísindagarða, að fjárhæð 10 m.kr. Samningarnir voru gerðir um mitt ár 2008 og hófst þá undirbúningur að verkefnum. Gengið var frá lokaskýrslu um verkefnið og var árangur talinn fullnægja samningsmarkmiðum og verkefnalýsingum.

### 3.6.5 SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI VEGNA SJÁVARRANNSÓKNASETURS VIÐ BREIÐAFJÖRD

**25 M.KR. VEGNA SJÁVARRANNSÓKNASETURS VIÐ BREIÐAFJÖRD**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem styrkveitandi gerði samning að fjárhæð 25 m.kr. í júní 2008 við Vör, sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð. Markmið samningsins var að tryggja að unnið yrði að frekari eflingu rannsókna á lífríki Breiðafjarðar og stuðla að aukinni arðsemi í nýtingu á sjávarfangi úr Breiðafirði. Gerð var lokaskýrsla. Árangur af verkefninu var talinn fullnægja samningsmarkmiðum og verkefnalýsingum.

### 3.6.6 SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI VEGNA BIOPOL EHF. Á SKAGASTRÖND

**20 M.KR. VEGNA BIOPOL EHF. Á SKAGASTRÖND**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem styrkveitandi gerði samning að fjárhæð 20 m.kr. í maí 2008 við BioPol ehf. á Skagaströnd. Markmið með samningnum var afla ítarlegra, fræðilegra og hagnýtra upplýsinga og styrkja rannsóknir til að auka þekkingu á lífríki Húnaflóa. Gengið var frá lokaskýrslu um verkefnið og var árangur talinn fullnægja samningsmarkmiðum og verkefnalýsingum.

### 3.6.7 SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI VEGNA RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARSJÓÐS VESTUR-BARÐASTRANDASÝSLU

**20 M.KR. VEGNA RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARSJÓÐS**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem styrkveitandi gerði samning að fjárhæð 12 m.kr. í desember 2008 við Rannsókn- og nýsköpunarsjóð Vestur-Barðastrandasýslu. Markmið með samningnum var að afla ítarlegra, fræðilegra og hagnýtra upplýsinga til að auka þekkingu á haffræðilegum og vistfræðilegum þáttum með sjó- og líf-fræðirannsóknum í tengslum við skeldyr og þorsk í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Ráðuneytið gerði einnig samning í maí 2008 að fjárhæð 8 m.kr. við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Markmið með honum var að afla ítarlegra, fræðilegra og hagnýtra upplýsinga til að auka þekkingu á haffræðilegum og vistfræðilegum þáttum með sjó-rannsóknum í Patreksfirði og Tálknafirði. Gerðar voru lokaskýrslur. Árangur af þessum verkefnum var talinn fullnægja samningsmarkmiðum og verkefnalýsingum.

### 3.6.8 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI TIL EFLINGAR MATVÆLARANNSÓKNA Á VESTFJÖRÐUM

**26 M.KR. VEGNA EFLINGAR MATVÆLARANNSÓKNA Á VESTFJÖRÐUM**

Árið 2008 og 2009 voru 10 m.kr. veittar sjávarútvegssráðuneyti hvort ár til að efla matvælarannsóknir á Vestfjörðum. Verkefninu var ætlað að efla tækni við fiskeldi og vinnslutækni matvæla, þróun matvælaíðnaðar og uppbyggingu háskólastarfa. Þá voru veittar 3 m.kr. árið 2008 og aftur 3 m.kr. árið 2009 til eflingar þjónustumælinga Matís ohf. á Ísafirði sem hafði umsjón með báðum þessum verkefnum. Samtals voru því veittar 26 m.kr. til þeirra. Framlögin áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Mótvægisáðgerðirnar hófust strax á árinu 2008. Framlögin voru fullnýtt til þeirra verkefna sem ráðgerð voru að því undanskildu að ekki var ráðist í frekari uppbyggingu mælingaþjónustu vegna dóms í máli sem höfðað var gegn ráðuneytinu. Hluta þess fjár sem ætlaður var til eflingar þjónustumælinga var nýttur til að halda úti rannsóknastofu á Ísafirði og hluta var ráðstafað til eflingar á annarri starfsemi á Ísafirði. Um aðrar fjárveitingar úr ríkissjóði í þessu skyni var ekki að ræða. Hins vegar fékk Matís

ohf. framlög frá ýmsum samkeppnissjóðum til starfsemi sinnar. Að mati fyrirtækisins hefur árangurinn af verkefninu verið góður.

### 3.6.9 NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

Nýsköpunarmiðstöð Íslands fékk til ráðstöfunar 13 m.kr. árið 2007, 62 m.kr. árið 2008 og 42 m.kr. árið 2009, eða samtals 117 m.kr. vegna mótvægisáðgerðanna.

**117 M.KR. TIL  
NÝSKÖPUNARMÍÐ-  
STÖÐVAR ÍSLANDS**

- Árið 2008 fékk hún 20 m.kr. vegna Brautargengis Impru. Um var að ræða námskeið fyrir athafnakonur sem vildu hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd. Fjárveitingin var ekki nýtt eingöngu til námskeiða heldur einnig til annarra verkefna til stuðnings konum í atvinnulífi.
- Árin 2007–2009 fékk hún samtals 56 m.kr. til að efla starfsemi sína í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði, 28 m.kr. á hvorn stað. Fjárveitingarnar voru að fullu nýttar. Í Vestmannaeyjum var lögð áhersla á stafræna smiðju til að auka tæknilæsi og frumgerðasmíði. Á Höfn var áhersla lögð á rekstur frumkvöðlaseturs og nýsköpun á heimaslóð.
- Árið 2007 fékk hún 5 m.kr., 18 m.kr. árið 2008 og sömu fjárhæð árið 2009, samtals 41 m.kr., til að efla nýsköpun og atvinnuþróun á Vestfjörðum. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar á Ísafirði hófst með ráðningu starfsmanns í desember 2007 og síðan var annar ráðinn í janúar 2008. Lögð var áhersla á ferðaþjónustu og vöruþróun hjá starfandi fyrirtækjum. Fjárveitingar voru að fullu nýttar.

Undirbúningur hófst síðari hluta árs 2007 með skilgreiningu verkefna, fundum með heimamönnum á viðkomandi svæðum og athugun á húsnæðismálum. Síðar var auglýst eftir starfsmönnum o.fl. Starfsemin hófst af alvöru strax í kjölfar ráðninga verkefnisstjóra á viðkomandi svæðum í lok árs 2007 og fyrri hluta árs 2008.

Rekstur starfsstöðvanna á Ísafirði, Höfn og í Vestmannaeyjum hélt áfram með fjármagni af fjárlögum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands 2010–2012. Árangur af þessum framlögum hefur ekki verið metinn formlega. Árið 2010 gerði Félagsvísindastofnun könnun á þjónustu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og á árangri af stuðningsverkefnum. Starfsemin á umræddum starfsstöðvum kom inn í þá könnun en árangur af framlögum var ekki mældur sérstaklega.

### 3.6.10 BYGGÐASTOFNUN

Byggðastofnun fékk 108 m.kr. árið 2007, 17 m.kr. árið 2008 og 117 m.kr. árið 2009, eða samtals 242 m.kr.

**242 M.KR. TIL  
BYGGÐASTOFNUNAR**

- Á árunum 2007 og 2009 voru veittar 100 m.kr. hvort ár til eflingar starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni með það að markmiði að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi.
- Árið 2007 voru veittar 5 m.kr., 8 m.kr. árið 2008 og aftur 8 m.kr. árið 2009, eða samtals 21 m.kr., til að efla atvinnulíf og samfélag í Vestur-Barðastranda-



sýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfstöðvar stofnana sem vinna að menntun, rannsóknnum, nýsköpun og atvinnuþróun. Þessar fjárveitingar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar.

- Til að efla atvinnulíf og samfélag í Strandasýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfstöðvar fyrir stofnanir sem vinna að menntun, rannsóknnum, nýsköpun og atvinnuþróun voru veittar 3 m.kr. árið 2007, 9 m.kr. árið 2008 og aftur 9 m.kr. árið 2009, eða samtals 21 m.kr. Þessar fjárveitingar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar.

Aðgerðir af hálfu Byggðastofnunar hófust síðla árs 2007 þegar auglýst var eftir umsóknnum um styrki hjá sveitarfélögum þar sem hlutfall starfa í veiðum og vinnslu var yfir 10% af heildarstarfafjölda. Fyrstu samningarnir um einstök verkefni voru undirritaðir í ársbyrjun 2008 en alls voru samþykktar 76 umsóknir um styrki.

Framlöggin voru nýtt til þeirra verkefna sem til stóð að öðru leyti en því að í samráði við iðnaðarráðuneyti hélt Byggðastofnun eftir 985 þús.kr. vegna útlagðs kostnaðar, auglýsinga og kynningar á verkefninu.

Styrkir voru fullnýttir til 64 verkefna af 76. Ástæður þess að framlög voru ekki fullnýtt til 12 verkefna voru m.a þær að styrkþegar hættu við verkefnin, urðu gjaldþrota eða ekki var lokið við verkþætti. Samtals námu ónýtt framlög um 19,8 m.kr. Ekki var um önnur framlög að ræða.

Byggðastofnun tók saman greinargerð í júlí 2011 þar sem árangur verkefnanna var metinn. Í mörgum þeirra gengu áætlanir ekki eftir. Það stafaði m.a. af miklum samdrætti í atvinnulífinu sem hófst með hrúni fjármálastofnana haustið 2008. Fjölgun starfa varð því ekki eins mikil og vænst var. Hins vegar er Byggðastofnun sáttt við árangurinn. Helstu niðurstöður voru að stuðningurinn hefði leitt til 75 nýrra starfa. Flest störf urðu til á Vestfjörðum eða 19 og næstflest í Eyjafirði eða 17. Á Vesturlandi urðu til 15 störf en í öðrum landshlutum voru þau mun færri .

Í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytis frá 12. september 2007 kemur m.a. eftirfarandi fram:

Eins og iðnaðarráðherra hefur þegar greint frá er gert ráð fyrir að 1.200 milljónum króna verði varið til afléttingar lána Byggðastofnunar við ríkissjóð. Mun Byggðastofnun þar með öðlast svigrúm til þess að koma til móts við fyrirtæki í sjávarútvegi sem lenda munu í tekju-samdrætti vegna skerðingar þorskaflans.

Í fjáráukalögum fyrir árið 2007 var fjármálaráðherra veitt heimild til að auka eigið fé Byggðastofnunar um 1.200 m.kr. vegna mótvægisáðgerðanna. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar hafði þá fallið niður fyrir 8% lögbundið lágmark. Fjármálaráðherra ákvað að greiða 1.200 m.kr. beint til stofnunarinnar fyrir lok árs 2007. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar hækkaði því og nam 14,15% í árslok 2007 sem gaf henni aukið svigrúm til lánveitinga.

## **1.200 M.KR. TIL AÐ AUKA EIGIÐ FÉ BYGGÐASTOFNUNAR**

### 3.6.11 BYGGÐAÁÆTLUN VEGNA EFLINGAR ATVINNULÍFS Á NORÐURLANDI VESTRA

Árin 2007–2009 voru samtals 90 m.kr. veittar til „Byggðaáætlunar“ á vegum iðnaðar-ráðuneytis, 30 m.kr. hvert ár, til eflingar atvinnulífi á Norðurlandi vestra. *Vaxtarsamningur Norðurlands vestra* milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og iðnaðar-ráðuneytis var undirritaður 14. janúar 2008. Samningurinn gildi til þriggja ára. Markmið hans var að efla atvinnulíf og byggðaþróun á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið hefði til frekari vaxtar. Þetta átti einkum að gera með eflingu nýsköpunar og vaxtar fyrirtækja og stofnana á svæðinu í gegnum klasasamstarf með áherslu á tvö svið:

- Menntun og rannsóknir þar sem áhersla yrði m.a. lögð á auðlindalíftækni og uppbyggingu þekkingarsetra sem þjóna myndi öllu svæðinu.
- Menningu og ferðaþjónustu.

Einnig var gerður samningur við fyrirtæki og stofnanir um aðkomu að verkefninu, í formi fjármagns, sérfræðivinnu eða aðstöðu. 17 fyrirtæki og stofnanir voru aðilar að samningnum og námu framlög til þeirra samtals um 56,4 m.kr. á samningstímanum.

Fyrsta úthlutun fór fram í ágúst 2008. Fjárveitingarnar voru að fullu nýttar til þeirra verkefna sem ráðgerð voru. Um önnur framlög á þessum árum úr ríkissjóði var ekki að ræða í þessu skyni. Ráðuneytið fól Byggðastofnun að gera úttekt á verkefninum. Hún gaf út greinargerð um þau í júlí 2011. Þar kom fram að af 73 verkefnum væri 41 verkefni lokið, 30 ólokið og að tvö verkefni féllu niður. Þá kom fram að það væri samhljóða niðurstaða stjórnar verkefnisins að í meginráttum hafi vel tekist til og að grunnur hafi verið lagður að margs konar samstarfi sem eftl gæti atvinnulíf og byggð á Norðurlandi vestra. Nú er öllum þessum verkefnum lokið (mars 2013).

### 3.6.12 BYGGÐAÁÆTLUN VEGNA EFLINGAR ATVINNULÍFS Á NORÐAUSTURLANDI

Árin 2007–2009 voru samtals 90 m.kr. veittar til „Byggðaáætlunar“ á vegum iðnaðar-ráðuneytis, 30 m.kr. hvert ár, til eflingar atvinnulífs á Norðausturlandi. *Vaxtarsamningur Norðausturlands* var undirritaður af iðnaðarráðherra og framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 8. janúar 2008 sem sá um framkvæmd hans. Samningurinn gildi til þriggja ára. Markmiðið með honum var að byggja upp atvinnulíf og efla samkeppnishæfni þess með því að byggja á þeim styrkleikum og sérkennum svæðisins sem stuðlað gætu að efnahagslega og félagslega sjálfbæru samfélagi. Þá yrði áfram unnið að mótun heildstæðrar þróunaráætlunar með áherslu á svæðisbundið klasasamstarf fyrirtækja um nýsköpun og framþróun. Fyrsta úthlutun samkvæmt samningnum fór fram í nóvember 2008. Framlög sem ætluð voru til *Vaxtarsamnings Norðausturlands* runnu til hans að því undanskildu að árið 2010 voru framlögin skert um 5 m.kr. Þau voru síðan nýtt til fjármögnunar á nýjum vaxtarsamningi á Reykjanesi. Við lok samningsins voru óráðstafaðar um 3,1 m.kr. auk 6,7 m.kr. vegna styrkloforða til fimm verkefna sem ekki hófust innan tilskilinna tímamarka, samtals um 9,8 m.kr. Þessir fjármunir gengu til nýs vaxtarsamnings á svæðinu sem er með gildistíma út árið 2013 og því munu fjármunirnir nýtast til þeirra verkefna sem þeir voru upphaflega ætlaðir til þó síðar hafi orðið en áætlað var. Ráðuneytið fól Byggðastofnun að gera úttekt á verkefninu og gaf stofnunin út greinargerð um það í október 2011. Samtals var samþykkt að taka þátt í 44 verkefnum, 5 árið 2008, 12 árið 2009 og 27 árið 2010. Í byrjun

90 M.KR. TIL AÐ EFLA  
ATVINNULÍF Á NORÐ-  
URLANDI VESTRA

90 M.KR. TIL AÐ EFLA  
ATVINNULÍF Á  
NORÐAUSTURLANDI

desember 2012 var 34 verkefnum að fullu lokið, fimm hófust ekki eins og áður sagði og fimm var ólokið. Uppfylli þau ekki skilmála vegna lokagreiðslu við lokauppgjör munu þeir fjármunir sem eftir standa ganga til nýs vaxtarsamnings á svæðinu. Nú (mars 2013) er lokauppgjör lokið vegna þeirra fimm verkefna sem ólokið var. Einu þeirra tókst ekki að ljúka og í fjórum varð kostnaður lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

### 3.6.13 HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Samtals fékk Hafrannsóknastofnun 230 m.kr. árin 2007–2009, þ.e. 70 m.kr. árið 2007, 80 m.kr. árið 2008 og 80 m.kr. árið 2009.

- Árin 2007–2009 fékk hún árlega 50 m.kr. til að efla stofnmælingu botnfiska í marsmánuði og hófst það á árinu 2008.
- Árið 2007 fékk hún 20 m.kr. til að efla útibú stofnunarinnar í Ólafsvík. Fjárveitingin var notuð til að ráða nýjan starfsmann árið 2008 og til eflingar rannsóknaverkefna.
- Árin 2008 og 2009 fékk hún 30 m.kr. hvort ár til að efla útibú stofnunarinnar á Ísafirði. Fjárveitingarnar eiga rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar og voru nýttar til að auka veiðarfærarannsóknir hjá útibúinu. Starfsmönnum var fjölgað um tvo á árinu 2009.

Framlöggin voru fullnýtt til þeirra verkefna sem til stóð að sinna. Árangur af þeim hefur ekki verið metinn formlega en Hafrannsóknastofnun telur ljóst að með styrkingu stofnmælinga botnfiska hafi þekking á þorskstofninum batnað og þar með ráðgjöf um nýtingu hans. Þá telur stofnunin að ráðning starfsmanna við útibúið á Ólafsvík og Ísafirði hafi bætt atvinnuástandið á svæðum sem komu hart út úr niðurskurði á þorskheimildum. Unnt var að sinna betur rannsóknnum, t.d. á hörpuðiski í Breiðafirði.

## 3.7 UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTI

Tafla 3.13 sýnir fjárveitingar stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytis (áður umhverfisráðuneyti) árin 2007–2009 vegna mótvægisáðgerðanna en engin fjárveiting var skráð beint á ráðuneytið.

3.13 Fjárveitingar umhverfis- og auðlindaráðuneytis 2007–2009 í m.kr.				
STOFNANIR	VERKEFNI	2007	2008	2009
UMHVERFISSTOFNUN	BYGGING GESTASTOFU Í ÞJÓÐGARÐINUM Á SNÆFELLSNESI		50	
UMHVERFISSTOFNUN	VESTFJ.NEFND. GESTASTOFA Á ÍSAFIRÐI V. HORNSTRANDA	20		
UMHVERFISSTOFNUN	VESTFJ.NEFND. REKSTUR HORNSTRANDAGESTASTOFA		15	8
UMHVERFISSTOFNUN	VESTFJ.NEFND. GESTASTOFA Á LÁTRABJARGI		20	
NÁTTÚRUFRÆÐISTOFN. ÍSL	VESTFJ.NEFND. GRÓÐURKORTAGERÐ Á VESTFJÖRÐUM	3	12	12
NÁTTÚRUFRÆÐISTOFN. ÍSL.	VESTFJ.NEFND. FUGLARANNSÓKNIR, -TALN, OG -VÖKTUN Á VESTFJ.	3	6	6
NÁTTÚRUFRÆÐISTOFN. ÍSL.	VESTFJ.NEFND. FYLGJAST MEÐ LANGTÍMABR. Á GRÓÐRI Á VESTFJ.		2	2
VEÐURSTOFA ÍSLANDS	VESTFJ.NEFND. SAMHÆFDUR GAGNAGRUNNUR	5	7	7
VEÐURSTOFA ÍSLANDS	VESTFJ.NEFND. SNJÓFLÓÐASETUR VEÐURSTOFU ÍSL. Á ÍSAF.		2	2
VEÐURSTOFA ÍSLANDS	VESTFJ.NEFND. SNJÓFLÓÐARANNSÓKNARVERKEFNI		4	4
NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA	VESTFJ.NEFND. ATVINNULÍF OG SAMFÉLAG Í V-BARÐASTRANDAS.		8	8
<b>SAMTALS</b>		<b>31</b>	<b>126</b>	<b>49</b>

### 3.7.1 UMhverfisstofnun vegna gestastofu í Þjóðgarðinum á Snæfellsnesi

Árið 2008 fékk Umhverfisstofnun tímabundið framlag að fjárhæð 50 m.kr. til byggingar gestastofu í Þjóðgarðinum á Snæfellsnesi. Fyrir liggur hönnun á gestastofunni sem verður byggð á Hellissandi. Framlagið sem ætlað var í verkefnið 2009 var fellt niður og því var í raun fallið frá því að svo stöddu. Áætlaður kostnaður við stofuna var um 200 m.kr. og var stefnt að því að opna hana á 10 ára afmæli Þjóðgarðsins í maí 2011. Umhverfisstofnun nýtti þessa fjárveitingu árið 2008 til að hefja undirbúning að vinnu við gerð útboðs um verkefnið. Hún hefur gert umhverfis- og auðlindaráðuneyti grein fyrir stöðu mála og óskað eftir fjárveitingum til að halda verkefninu áfram en þær hafa ekki fengist. Verkefnið er því í bið og eru um 10 m.kr. eftir af framangreindum 50 m.kr.

**50 M.KR. VEGNA  
GESTASTOFU Á  
SNÆFELLSNESI**

### 3.7.2 UMhverfisstofnun vegna gestastofu á Ísafirði

Árið 2007 fékk Umhverfisstofnun 20 m.kr. til að setja á fót og reka gestastofu á Ísafirði sem tengist friðlandinu á Hornströndum. Árið 2008 fékk hún 15 m.kr. og svo aftur 15 m.kr. árið 2009 til reksturs Hornstrandagestastofu. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Landvörður hefur verið starfandi allt árið á Hornströndum frá byrjun árs 2008. Upphaflega var gert ráð fyrir að rekin yrði gestastofa á Ísafirði en eftir hrun bankakerfisins haustið 2008 voru fjárveitingar til reksturs gestastofu skornar niður í fjárlögum 2009 úr 15 m.kr. í 8. m.kr. á ári. Samtals voru því veittar 43 m.kr. vegna gestastofunnar. Í ljósi þess tók Umhverfisstofnun ákvörðun að opna ekki gestastofu á Ísafirði en leigja lítið húsnæði fyrir landvörðinn sem sinnir m.a. upplýsingaþjónustu fyrir friðlandið frá Ísafirði að vetri en dvelur í friðlandinu yfir hásumarið.

**43 M.KR. VEGNA  
GESTASTOFU Á  
ÍSAFIRÐI**

Fjárveiting til að hefja undirbúning að uppsetningu sýningar í gestastofunni var 16 m.kr. og hefur hún ekki verið nýtt. Í tengslum við ráðningu heilsárslandvarðar hefur stofnunin aukið framkvæmdir í friðlandinu, t.d. reist þjónustuhús fyrir landvörð ásamt salernisaðstöðu fyrir friðlandsgesti í Höfn, lagt göngustíga, sett upp kamra og sinnt viðhaldsverkefnum á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur í samvinnu við Ísafjarðarbæ lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að hún fái á ný fjármagn til reksturs Hornstrandastofu í tengslum við uppbyggingu bæjarins á húsnæði fyrir safnastarfsemi sína. Umhverfisstofnun telur að þar sem fáir ferðamenn hafi í raun tækifæri til að fara til Hornstranda sé hefðbundin sýning í bænum heppileg aðferð til að miðla sögu og náttúru svæðisins. Umhverfisstofnun leggur áherslu á samvinnu við aðra aðila í samþæringum rekstri til að nýta sem best þá fjármuni sem fást.

### 3.7.3 UMhverfisstofnun vegna gestastofu á Látrabjargi

Árið 2008 fékk Umhverfisstofnun 20 m.kr. vegna gestastofu á Látrabjargi til að mæta stofnkostnaði. Síðan fékk hún 15 m.kr. árið 2009 til reksturs stofunnar en fjárveitingin var felld niður sama ár áður en framkvæmdir hófust. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Umhverfisstofnun óskaði eftir, með bréfi dagsettu 30. október 2009 til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, að fá heimild til að ráðstafa fjármunum sem ætlaðir voru til uppsetningar Látrastofu. Bréfið var sent að höfðu samráði við bæjarráð Vesturbyggðar og farið fram á að fá heimild til að nýta 20 m.kr. á þremur árum til landvörslu og framkvæmda við Látrabjarg. Ráðuneytið svaraði stofnuninni með bréfi, dagsettu 11. mars 2010, og taldi jákvætt að fjárveiting yrði nýtt í samræmi við áætlun. Þar sem ráðuneytið var áður búið að heimila stofnuninni að

**20 M.KR. VEGNA  
GESTASTOFU Á  
LÁTRABJARGI**

ganga á höfuðstól hennar árið 2010 að fjárhæð 25 m.kr. lagði það hins vegar til að framkvæmdir og aukin landvarsla hæfist ekki fyrr en árið 2012. Hins vegar ef friðlýsingu á svæðinu lyki árið 2010 væri ráðuneytið tilbúið að endurskoða afstöðu sína.

Í fjárlögum ársins 2012 (í tengslum við áætlun ríkisstjórnarinnar um styrkingu atvinnulífs á Vestfjörðum) voru veittar 15 m.kr til reksturs Látrastofu og hefur sérfræðingur verið starfandi þar frá hausti 2011. Um mitt ár 2012 var að auki ráðinn landvörður á svæðið. Umhverfisstofnun hefur unnið að friðlýsingu Látrabjargs í samræmi við náttúruverndaráætlun og hefur átt fundi með landeigendum og sveitarstjórn. Umhverfisstofnun er með til skoðunar hvernig framangreindum 20 m.kr. sem fara áttu í sýningu verði ráðstafað en stofnunin telur vænlegra að gera útsýningar þar sem það á við heldur en sýningar innanhúss.

#### 3.7.4 NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS VEGNA ÞRIGGJA VERKEFNA

Náttúrufræðistofnun Íslands fékk samtals 46 m.kr. árin 2007–2009, þ.e. 6 m.kr. árið 2007, 20 m.kr. árið 2008 og 20 m.kr. árið 2009 til þriggja verkefna, sem eru gróðurkortagerð, fuglarannsóknir og vöktun á ástandi gróðurs. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Fjárveitingar voru einnig veittar til þessara verkefna árin 2010–2012, þ.e. 20 m.kr. á ári eða samtals 60 m.kr. Vinna við gróðurkortagerðina hófst í júlí 2007 en við hin tvö verkefni árið 2008. Framlöggin voru eingöngu nýtt til umræddra verkefna. Samningur var gerður við Náttúrustofu Vestfjarða um framkvæmdina samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum en samkvæmt honum átti stofan að vinna að gróðurkortagerðinni í sex ár eða á árunum 2007–2012, og hinum tveimur verkefnum í fimm ár eða á árunum 2008–2012. Kveðið er á um í samningnum að verktími verði framlengdur náist ekki að nýta samþykkt fjárframlög til verksins innan hans. Náttúrustofa Vestfjarða hefur árlega skilað Náttúrufræðistofnun yfirliti um vinnu og annan kostnað af verkefnum og fengið greiðslur samkvæmt þeim. Staða verkefnanna verður síðan metin og verktími framlengdur um eitt ár verði afgangur af veittum framlögum samkvæmt samningi stofunnar við Náttúrufræðistofnun Íslands. Árangur hefur verið metinn árlega og heildaruppgjör fer fram að því loknu.

#### 3.7.5 VEÐURSTOFA ÍSLANDS VEGNA ÞRIGGJA VERKEFNA

Veðurstofa Íslands fékk 5 m.kr. árið 2007, 13 m.kr. árið 2008 og 13 m.kr. árið 2009 eða samtals 31 m.kr. Hún fékk einnig fjárveitingu að fjárhæð 13 m.kr. á árinu 2010. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Samtals fékk hún 44 m.kr. á tímabilinu 2007–2010. Þar af voru 26 m.kr. til að koma upp samhæfðum gagnagrunni yfir stöðvarrekstur Veðurstofu Íslands og sögu athugana frá upphafi, 6 m.kr. til aukinna verkefna á snjóflóðasetri Veðurstofu Íslands á Ísafirði og 12 m.kr. vegna rannsókna á snjóflóðum. Fylgst var með framgangi verkefna meðan á þeim stóð en ekki hefur verið gerð heildarúttekt á verkefninu. Verkefni hafa lagt grunn að nýjum verkefnum á þessu sviði á Ísafirði. Sem dæmi má nefna að Veðurstofa Íslands fær framlag frá Ofanflóðasjóði en hluti af því er vegna vinnu starfsmanns sem ráðinn var til að fara yfir og skrásetja gögn í gagnagrunn. Þá fékk Veðurstofa Íslands rannsóknastyrk frá Evrópusambandinu til að vinna að snjóflóðaspám. Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands á Ísafirði leiðir verkefnið sem unnið er m.a. í samstarfi við Vegagerðina.

46 M.KR. TIL  
NÁTTÚRUFRAEÐI-  
STOFNUNAR ÍSLANDS

31 M.KR. TIL  
VEÐURSTOFU  
ÍSLANDS



### 3.7.6 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA VEGNA PRÓUNARSETURS Á PATREKSFIRÐI

Samtals voru veittar 16 m.kr. árin 2008 og 2009 til að efla starfsemi stofnana innan Þróunarseturs Vestfjarða á Patreksfirði með það að markmiði til að efla atvinnulíf og samfélag í Vestur-Barðastrandasýslu. Fjárveitingarnar áttu rætur að rekja til tillagna Vestfjarðanefndar. Mótvægisaðgerðirnar hófust árið 2008 með ráðningu starfsmanns á starfsstöð á suðursvæði Vestfjarða. Framlöggin voru nýtt að fullu til að byggja upp starfsaðstöðu og starfsemi á svæðinu og þar hefur verið starfandi starfsmaður frá 2008. Ekki voru veitt fleiri framlög til þeirra verkefna sem unnin voru á Patreksfirði. Frá árinu 2010 hefur áframhaldandi framlögum verið veitt til starfsemi á suðursvæði Vestfjarða. Árangur af þeim hefur ekki verið metinn formlega en búið er að byggja upp starfsstöð Náttúrustofu Vestfjarða á svæðinu, bæði skrifstofu og rannsóknarstofu, og þar starfa 1,5 stöðugildi (mars 2013).

**16 M.KR. VEGNA  
PRÓUNARSETURS Á  
PATREKSFIRÐI**

### 3.8 ORKUBÚ VESTFJARÐA OHF.

Í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytis frá 12. september 2007 kemur m.a. fram:

Ísafjarðardjúp er nú einangrað frá raforkukerfi landsins og er rekið þar sérstakt raforkukerfi. Orkuöflun í Ísafjarðardjúpi er kostnaðarsöm og rafmagn er óstöðugt sökum margra smárra orkuvinnslustöðva. Orkubú Vestfjarða mun leggja 160 milljónir króna á næsta ári til þess að hefja vinnu við að tengja Ísafjarðardjúp við raforkukerfi annarra landshluta.

**160 M.KR. FRÁ  
ORKUBÚ  
VESTFJARÐA OHF.**

Árin 2007–2012 hefur kostnaður við framkvæmdir vegna tengingar við landsnetið numið um 270 m.kr. en framkvæmdum er ekki lokið. Orkubú Vestfjarða ohf. hefur staðið undir þessum kostnaði. Ekki hefur verið veitt sérstök fjárveiting í þessu skyni. Formlegt mat á árangri hefur ekki farið fram.